

Mót - Hönnun á Íslandi - Íslenskir hönnuðir - Kjarvalsstaðir - Október 2000  
 Design in Iceland - Icelandic Designers - Kjarvalsstaðir - October 2000



File Edit View Special Help

18:11 Finder

mót sending 2

27 items, zero K available

Name	Date Modified
MOT 10 einiskip 1914 X	Leu, 16. sep
MOT 10 guðj. sem 1916-17 x	Leu, 16. sep
MOT 20 garðerstræti 29-30 x	Leu, 16. sep
MOT 30Reykjavíkur spetak x	Leu, 16. sep
MOT 50 hallergerður X	Fin, 21. sep
MOT 50 Ragnar Kjarlana x	Today, 10:21
MOT 60 Sveinn Kjarval X	Today, 10:21
MOT 60 Hugkaupsloppur X	Today, 10:51
MOT 60 Ísland fíot x	Mán, 18. sep
MOT 70 Nígna x	Today, 11:21
MOT 80 Kaldanél x	Leu, 16. sep
MOT 80 leugardalur X	Fin, 21. sep
Mot 90 Bláa Línið x	Today, 11:21
MOT IDN vaki x	Today, 11:21
MOT IDN Fskúlaernet x	Mán, 18. sep
MOT IDN lausur x	Today, 11:21
MOT SYN Sveinsteinn Stefánsson X	Mán, 18. sep
MOT SYNARI LÖðvika X	Mán, 18. sep
MOT SYN Ann H. Stur x	Mán, 20. sep
MOT SYN cone X	Today, 11:21
MOT SYN hjaltí karlsson X	Today, 11:21
MOT SYN hrafnhelli birgisson OO	Today, 11:21
MOT SYN Karítína Einarad X	Mán, 18. sep
MOT SYN Kolbrún Inga Oddad. X	Fin, 21. sep
MOT SYN margrét og senta x	Fin, 21. sep
MOT SYN sigga sigur jóna x	Fin, 21. sep
MOT SYN snedís X	Today, 10:11

MOT 80 leugardalur X

8 items, zero K available

Hönnunarbókin

39 items, 3,05 GB available

Name	Date Modified
Askastræl	Today, 15:14
Kápa	Today, 18:01
MOT 10 einiskip 1914 X	Leu, 16. sep
MOT 10 guðj. sem 1916-17 x	Leu, 16. sep
MOT 20 garðerstræti 29-30 x	Leu, 16. sep
MOT 30Reykjavíkur spetak x	Leu, 16. sep
MOT 50 bláa línið x	Leu, 16. sep
MOT 50 Diölar x	Sun, 17. sep
MOT 50 hallergerður X	Fin, 21. sep
MOT 50 mannskré x	Leu, 16. sep
MOT 50 Ragnar Kjarlana x	Today, 10:21
MOT 50 Sveinn Kjarval X	Today, 10:21
MOT 60 Hugkaupsloppur X	Today, 10:51
MOT 60 Ísland fíot x	Mán, 18. sep
MOT 70 Nígna x	Today, 11:21
MOT 80 hjaltíkarla X	Leu, 16. sep

MOT 50 Sveinn Kjarval X

3 items, zero K available

Sveinn Kjarval texti

SveinnKjarvalstíll1953.app

SveinnKjarvalstíll1953.tif

MOT SYN sigga sig...

4 items, zero K available

sigga blue sheet 7

sigga futura post

MOT texti sigga sigur jóna

MOT SYN snedís X

2 items, zero K available

L 22.jpeg.app

TEXTI SNEDIS ULRIKSD

MOT 50 Bláa Línið x

8 items, zero K available

bláa línið texti ófútt

blúe

blúe lagun 2.app

blúe lagun 3





Það má örða það svo að hönnun sé tíma-mótunin sem felst í ferlinu frá hugmynd til útfærslu, framleiðslu og markaðssetningar. Þó skapandi afurðir mannsins séu tafngamlar honum sjálfum þá tengist það sem við köllum hönnun fyrst og fremst iðnaðar- og markaðssamfélagi nútímans. Hér á Íslandi varð þetta samfélag, þessi nauðsynlega forsenda hönnunar, ekki til fyrr en komið var nokkuð fram á 20. öld. En þá geróust hlutir líka hratt. Það má því til samsværa færa að saga íslenskrar iðnmenningar og markaðsvæðingar hafi einkennst af örvari breytingum og sýnilegri en víðast annars staðar á Vesturlöndum. Íslenskt samfélag tók þannig algjörum stakkaskiptum á stuttum tíma, fyrst úr sveit í bæ og þaðan í borg.

Sá sem stendur frammi fyrir því verkefni að úthúa spegilmynd af íslenskri hönnun á fyrir höndum erfitt verkefni. Mann hlýtur að spyrja sig margra spurninga: Er til íslensk hönnun? Hefur gefist svigrúm til að móta því afgerandi sérstöðu sem hér hefur verið gert í nafni hönnunar? Og í beinu framhaldi af þeim vangaveltum má spyrja hvort hönnun sé í eðli sínu eitthvað sem hægt sé að tengja ákveðnum svæðum eða samfélagsgerðum? Eða mófast hún af landfræðilegum uppruna einstaklinga? Við tölum hikaust um danska hönnun, ítalska hönnun og finnska en eigi að ræða íslenska hönnun af fullri alvöru sem ámarkaða stærð þá staldra menn við. Hika. Ástæðan? Er íslenskur iðnaður of ungur og smár í sniðum til að hlúa að íslenskri hönnun svo mark sé á takandi?





**mót**





14.10. - 12.11. 2000

Hönnun á Íslandi - Íslenskir hönnuóir  
Design in Iceland - Icelandic Designers

Listasafn Reykjavíkur  
Reykjavik Art Museum

mót

Form Ísland.



SAMTARFVERKEFNI VIÐ  
REYKJAVÍK  
MUNINGAROGG SKRÓFU  
ÁR 1998

**Form Ísland í samvinnu við Kjarvalsstaði og Hönnunarsafn Íslands.**

Sýningarstjórar / Exhibition Curators: Katrín Pétursdóttir og Michael Young.  
Ritstjórn sýningarskrár / Catalogue edited by: Guðmundur Oddur Magnússon.  
Aðstoðarritstjórn sýningarskrár / Co-ordinator: Þorvaldur Þorsteinsson.  
Þýðing á formála / English translation: Bernard Scudder.  
Hönnun / Graphic Design: Gott fólk McCann-Erickson, Dóra Ísleifsdóttir.  
Prentun / Printed by: Prentsmiðjan Oddi.  
Pappír / Paper supplier: Gunnar Eggertsson.

ISBN: 9979-60-586-3

707.4  
Mót



**tíma-mótun**

Listasafn Reykjavíkur  
— Bókasafn —





**For**

Form Ísland, félag áhugamanna um hönnun, var stofnað 1985 með stuðningi Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna. Form Ísland naut stuðnings þessara samtaka um 10 ára skeið.

## Tilgangur með stofnun félagsins var að auka veg hönnunar á Íslandi.

Eins og segir í lögum félagsins frá stofnun þess, á meðal annars að auka veg hönnunar með því að „efla skilning á gildi hönnunar í nútíma framleiðslu, efla fræðslu, rannsóknir og þróunarstarf á sviði hönnunar, standa fyrir sýningum, samkeppnum, námskeiðum, ráðstefnum og útgáfustarfsemi um hönnun og málefni er tengjast hönnun“. Ásrún Kristjánsdóttir

# Form Ísland

samtök hönnuða

Form Ísland hefur frá upphafi átt í nánú samstarfi við systurfélög sín á hinum Norðurlöndunum og er félagið aðili að SDC sem er skammstöfun fyrir „Scandinavian Design Council“. Form Ísland á einnig aðild að ICSID sem er skammstöfun fyrir „International Council of Societies of Industrial Design“ sem eru alþjóðasamtök iðnhönnuða.

Árið 1998 var nafni félagsins breytt í Form Ísland, samtök hönnuða. Í dag eiga öll starfandi hönnunarfélög á Íslandi aðild að Form Ísland og fulltrúa í stjórn þess. Þessi félög eru Arkitektafélag Íslands, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Félag iðnhönnuða, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag íslenskra teiknara, Leirlistafélagið, Textílfélagið auk ófélagsbundinna hönnuða.

Á þeim 15 árum sem félagið hefur starfað hafa eftirtaldir veitt Form Ísland formennsku:

Stefán Snæbjörnsson

Örn D. Jónsson

Þórdís Zoega

Bjarni Daníelsson

Ásrún Kristjánsdóttir

Guðrún Margrét Ólafsdóttir

Viðhorf mannsins til sögunnar einkennist af missannfærandi tilraunum til að orða hlutverk hennar í samtímanum. Þannig er sagt að í spegilmynd nútíðar mætist fortíð og framtíð, að sagan hafi augu sín bak við sig, jafnvel að öll saga sé í raun samtími. Þá er því haldið fram að sagan geymi allt sem við gerum og að þeir sem þekki vel til í þeirri geymslu öðlist spádómsgáfu. En sá lærdómur sem draga má af fortíðinni hlýtur að mótast mjög af því hvernig þær upplýsingar sem fyrir liggja eru meðhöndlaðar. Gildismati og forgangsröð þeirra sem velja, flokka og skrásetja á hverjum tíma. Sú saga sem geymst hefur er oftast en ekki túlkun þeirra sem tóku að sér varðveislu hennar. Á sínum tíma. En það er önnur saga.

Þegar fjallað er um sögu mannsandans, sköpunarinnar og listarinnar er það viðtekin venja að skipts henni í tiltölulega skýrt afmörkuð tímabil með hjálp einkennisorða og ártala. Af þessu vill leiða að menn sjá fortíðina sem röð tímabila þar sem eitt tekur við af öðru í nafni endurreisnar, barokks, rómantíkur, móðernisma, pops eða póstmóðernisma. Vissulega verða einstaka sinnum snögg umskipti sem réttlæta skiptingu slíkra tímabila um eitt ártal til hægðarauka.

En yfirleitt er ekki um stökkbreytingar að ræða heldur flókna og oft lítt sýnilega þróun á löngum tíma. Oft með svo hæglatum hætti að tímamótamennirnir sjálfir verða hennar naumast varir.

Sé litið til hönnunar, má halda því fram að það sé fleira sem bindi nefnd tímabil saman en aðskilji þau. Að þrátt fyrir nýjar hugmyndir, ný hráefni og nýja tækni þá séu menn iðulega að fást við sama teketillinn, sama hjólið og sömu tákni, bara í nýjum búningi. Hönnuðir sem stilla sér upp andspænis hinu nýja og óþekkta, ýmist vegna nýrra forsenda og þarfa eða vegna einskærrar sköpunargleði og þrár eftir margbreytileika og nýbreytni, reyna þannig að horfa fram á veginn en hafa samtímis augu í hnakkanum. Þeir leitast við að gefa hinu ómótaða form, gera hið óþekkta þekkt, en eru ekki síður að uppgötva það sem gleymt er og endurmeta alþekktar stærðir. Þeir spyrja stöðugt þeirra spurninga hvort tíminn móti manninn, maðurinn tímann eða hvort maðurinn og tíminn mætist á miðri leið - í spegilmyndinni. Og sumir finnast (um síðir) á einmanalegu ferðalagi á undan eigin samtíma.

Það má orða það svo að hönnun sé tíma-mótunin sem felst í ferlinu frá hugmynd til útfærslu, framleiðslu og markaðssetningar. Þó skapandi afurðir mannsins séu jafngamlar honum sjálfum þá tengist það sem við köllum hönnun fyrst og fremst iðnaðar- og markaðssamfélagi nútímans. Hér á Íslandi varð þetta samfélag, þessi nauðsynlega forsenda hönnunar, ekki til fyrr en komið var nokkuð fram á 20. öld. En þá gerðust hlutir líka hratt. Það má því til sanns vegar færa að saga iðnmenningar og markaðsvæðingar á Íslandi hafi einkennst af örari breytingum og sýnilegri en víðast annars staðar. Íslenskt samfélag tók þannig algjörum stakkaskiptum á stuttum tíma, fyrst úr sveit í bæ og þaðan í borg.

Sá sem stendur frammi fyrir því verkefni að útbúa spegilmynd af Íslenskri hönnun á fyrir höndum erfitt verkefni. Hann hlýtur að spyrja sig margra spurninga: Er til



Íslensk hönnun? Hefur gefist svigrúm til að móta því afgerandi sérstöðu sem hér hefur verið skapað í nafni hönnunar? Og í beinu framhaldi af þeim vangaveitum má spyrja hvort hönnun sé í eðli sínu eitthvað sem hægt sé að tengja ákveðnum svæðum eða samfélagsgerðum? Eða mótast hún af landfræðilegum uppruna einstaklinga? Við tölum hiklaust um danska hönnun, ítalska hönnun og finnska en eigi að ræða íslenska hönnun af fullri alvöru sem afmarkaða stærð þá staldra menn við. Hika. Ástæðan? Er íslenskur iðnaður of ungur og smár í sniðum til að hlúa að íslenskri hönnun svo mark sé á takandi? Við eigum vel menntaða hönnuði sem hafa stundað nám í Danmörku, á Ítalíu og í reynd nánast alls staðar þar sem hönnun er kennd. Enn erum við hins vegar varla byrjuð að mennta okkar eigin hönnuði á okkar eigin forsendum. Hvaða áhrif hefur sú staðreynd? Er markaðurinn of smár? Eða er ástandið e.t.v. betra en við gerum okkur grein fyrir og hikið bara gamall vani?

Nýsköpun er áhætta. Hún á allt sitt undir hugrekki og þrautseigju hönnuðarins, tiltrú og fjárhagslegu bolmagni iðnaðarins og síðast en ekki síst menningarstigi markaðarins. Okkar litla borgarsamfélag kys iðulega að loka á það sem er of krefjandi og ógrandi fyrir sveitasamfélagið - þó svo að það sé að mestu horfið. Það óttast breytingar og nýja

# mót

(tímamótun)

mælikvarða. Af gömlum vana. Rétt eins og ytra borð samfélagsins hafi breyst hraðar en innviðirnir. Hin ofurnútímalega fjölmiðla-, tölvu- og farsímavæðing ristir þannig ekki mjög djúpt í gamla hjartað, þegar á reynir. Kannski vegna þess sem áður var nefnt; að tímamótamennirnir sjálfir eru ekki alltaf í aðstöðu til að skynja breytingarnar.

Á þessari sýningu er spurningum ekki svarað. Þeim er bara fjölgað. Hér er gestum boðið að opna dyr sínar fyrir því sem einu sinni var nýtt og ógrandi en féll í grýtta jörð og varð aldrei að veruleika. Hér eru sýnd dæmi um metnaðarfulla íslenska hönnuði sem mættu verulegum mótbyr en komu hugmyndum sínum engu að síður í verk þótt lítið yrði um framleiðslu. Hér er sýnt nokkurs konar þversnið af samtímahönnun og -framleiðslu landsins, fremur í þeim tilgangi að sýna veruleika iðnaðarins en leggja mat á gæði. Hér er einnig kynnt nokkuð af því sem frumherjar okkar voru að fást við; brugðið upp spegilbrotum úr merkri sögu sem enn er að mestu óskráð. Og þaðan af síður búið að skipta upp í tímabil og skíra viðeigandi nöfnum.

Megi þessi sýning opna augu sem flestra fyrir gildi hönnunar og mikilvægi þess að láta óttalaus drauma sína um fjölbreytta og ógrandi framleiðslu á Íslandi rætast.

**Guðmundur Oddur Magnússon.** Kennari í grafískri hönnun, Listaháskóla Íslands.  
**Þorvaldur Þorsteinsson.** Myndlistamaður og rithöfundur

**Man's attitude towards history is characterized by attempts – some more convincing than others – to express its role in the present. Thus it is said that past and future meet in the mirror image of the present, that history has eyes in the back of its head, even that all history is really contemporary. It is also claimed that history is a storehouse of everything we do and that familiarity with that storehouse instils the gift of prophecy. But the lesson that to be drawn from the past is surely strongly shaped by the way in which the available information has been treated. The values and priorities of those who select, classify and document at any given time. The history which has been preserved is more often than not the interpretation made by the people who were involved in its preservation. In their day. But that is another story – or rather another history.**

It is customary to discuss the history of the human spirit, creativity and art by dividing history up into quite clearly delimited periods with the help of labels and dates. This tends to make people see the past as a sequence of periods with simple names: renaissance, baroque, romanticism, modernism pop or postmodernism. Admittedly sharp shifts sometimes occur which justify classification into such periods around a single date, for the sake of convenience. But generally there is no quantum leap, only a complex and often scarcely visible evolution over a long period. Frequently taking place so inconspicuously that the actual pacesetters hardly notice it.

In the case of design, it may be claimed that more things link together the labelled periods than separate them. That despite new ideas, new materials and new technology, people are always dealing with the same tea kettle, the same wheel and the same symbols, merely in new guises. Designers who confront the new and the unknown, either in new terms or from sheer delight in creativity and yearning for diversity and innovation, are attempting to look forwards while keeping eyes in the backs of their heads at the same time. They seek to give form to what is unshaped, make the unknown known, yet are likewise discovering what has been forgotten and revaluing universal values. They constantly ask questions about whether time shapes man or man time, or whether man and time meet half-way in a mirror image. And some are discovered (eventually) on a lonely journey ahead of their own time.

Design may be described as a process of shaping time, all the way from idea to elaboration, production and marketing. Although products of human creativity are as old as mankind itself, what we call design is primarily connected with modern industrial and market-driven society. In Iceland this society, this necessary precondition for design, did not come into being until some way into the 20<sup>th</sup> century. But things moved quickly then too. It is certainly true to say that the history of Icelandic craft culture and marketing have been characterized by more rapid and visible change than in most other parts of the Western world. Icelandic society underwent a total transformation over a short period, first from rural to urban, and from there to metropolitan.





Anyone who sets out to present a reflection of Icelandic design faces a difficult task. He has to ask himself many questions: Is there such a thing as Icelandic design? Has there been scope for establishing distinctive characteristics for what has been done in the name of design in Iceland? And following directly from such speculations, we can ask whether design is something which can inherently be linked to specific regions or types of society. Or is it shaped by the geographical origin of the individuals concerned? We do not hesitate to talk about Danish design, Italian design and Finnish design, but when it comes to serious discussion of Icelandic design as a separate entity, people stop. Hesitate. The reason? Is Icelandic industry too young and too small in scope to nurture Icelandic design to any significant extent? Iceland has well trained designers who have studied in Denmark, Italy and in fact almost everywhere that design is taught. Yet we have hardly begun to train our own designers on our own terms. What impact does this fact have? Is the market too small? Or is the situation perhaps better than we realize, and our hesitation merely force of habit?

Innovation is risk. It depends entirely on the courage and determination of the designer, on the faith and financial means of industry, and last but not least on the cultural level of the market. Iceland's small metropolitan

# Mót

(english: Meeting/Shape)

society invariably opts to exclude what is too demanding and challenging for a rural society – even though that has largely vanished. It fears change and new criteria. From force of habit. Just as the exterior of society has changed more rapidly than its inner structures. The ultramodern presences of media, computers and mobile phones do not pierce deeply into the old heart, when it comes to the crunch. Perhaps because of the point made above, that the pacesetters themselves are not always in a position to perceive the changes.

This exhibition, Mót (Icelandic „Meeting“/„Shape“) does not answer questions. It just poses more. Visitors are invited to open their doors to what was once new and challenging but fell by the wayside and never became reality. There are examples of ambitious Icelandic designers who despite great adversity still put their ideas into practice, even though they did not enter production on any scale. The exhibition gives a cross-section of contemporary design and production from Iceland, more with the aim of showing the reality of the industry than assessing the quality of what was done. It also presents some examples of what the pioneers were tackling, fragments reflecting a remarkable history which is still largely unrecorded. And even less classified into periods and labelled with suitable names.

May this exhibition open as many eyes as possible to the value of design, and to the importance of making the fearless dream of diverse and challenging production in Iceland come true.

**Guðmundur Oddur Magnússon.** Instructor in Graphic design - Iceland Art Academy  
**Thorvaldur Thorsteinnsson.** Artist - writer





Jeg er sannfærð um að til eru í sveitum hjer á landi íslenskir stólar, sem nota má að einhverju leyti til fyrirmyndar að íslenskum húsgögnum. Jeg hef séð gamla, íslenska stóla austur á Jökuldal, austur í Mýrdal og norður í Eyjafirði, sem áreiðanlega mætti nota í þessu skyni og mér væri þökk að fá fréttir af fleirum.

...sem ferðama

En íslensku stólarnir, þessir einföldu og stílhreinu gripir, hafa nú víðast hvar verið hraktir fram í búr og eldhús, þeir fáu sem eftir eru, þar verða þeir að hýrast, þykja ekki húsum hæfir en útlendir „pinnastólar“ svonefndir fylla allar stofur.

Það er svipað og með rúmfjölna útskornu, sem ferðamaðurinn rakst á undir grásleppu úti í hjalli. Þar var líka gömul glitábreiða utan um reiðing, en inni í stofunni var postulínshundur, útlendur puntur og pappírshóm til skrauts.

Hlín 11.tbl. 1927.  
Halldóra Bjarnadóttir.



Þúririnn rakst á undir grásleppu úti í hjalli.





Þessi motta

Ekki v

## Ragnhild

**Kringlótt motta með óhlutbundnu mynstri, um 1920, hrosshá**

Þessi í stað ra

en þó r



isfreyjunnar að Stóra-Hofi er furðulega nýtískuleg að formi.

tar fyrir ívitnunum í gömul og þjóðleg mynstur;


## ur Jónasdóttir á Stóra-Hofi

Byggðasafnið að Skógum.

ðst formræn uppbygging mottunnar alfarið af lögun hennar,

ed taktföstum hrynjandi sem er á svig við hringformið.

**Stóll úr eik og bólstraður  
með svörtu leðri.  
Líklega smíðaður  
1906-1909  
fyrir Safnahúsið  
við Hverfisgötu  
hjá Jóni  
Halldórssyni  
& Co. og  
teiknaður af Fr.  
Kjørboe.**



Á fyrsta áratug tuttugustu aldar báru íslenskir húsgagnasmiðir sem lært höfðu erlendis, einkum í Danmörku og Þýskalandi, með sér þekkingu til landsins á vandaðri húsgagnasmíði, útskurði og innlögnum. Nokkrir þeirra stofnuðu árið 1905 verkstæðið Sigurjón Ólafsson & Co við Skólavörðustíg í Reykjavík, sem nokkru síðar (1908) var kennt við einn stofnandann og nefnt Jón Halldórsson & Co. Innviðir og húsgögn fyrir Safnahúsið (1906-1909) voru eitt af fyrstu verkefnum þessa verkstæðis og er lestrarsalurinn þeirra þekktastur.


**Eigandi: Þjóðminjasafn Íslands**  
**Ljósmynd: Arndís S. Árnadóttir**

„Møblerne som jeg har tegnet“ fullyrkti danski byggingarmeistarinn Frederik Kjørboe í grein í Architekten árið 1910. Fullvíst er þó að þekking á að teikna húsgögn var fyrir hendi á verkstæðinu, til dæmis telst nám Jóns Halldórssonar (1871-1943) snikkara í Kaupmannahöfn og í Berlín í byrjun aldarinnar vera fyllilega sambærilegt við hönnunarnám á þeim tíma. Hann var jafnframt einn helsti forgöngumaður iðnsýninga hér á landi og á iðnsýningum í Reykjavík árin 1911, 1924 og 1932 voru húsgögn sérstaklega kynnt sem innlend framleiðsla.

Fr. Kjørboe. Landsbibliotek í Reykjavík. Architekten, 1910.

Arndís S. Árnadóttir





Ljósmynd: Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur




# Guðjón Samúelsson arkitekt

## Austurstræti 16

Í kjölfar miðbæjarbrunans árið 1915 var bann lagt við byggingu timburhúsa í þéttri byggð í Reykjavík. Endurreisa þurfti allstóran hluta miðbæjarins og voru öll hin nýju hús byggð úr steinsteypu. Árið 1916 hóf fyrirtækið Nathan og Olsen byggingu verslunar- og skrifstofuhúss á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis sem markaði upphaf nýrra tíma í byggingartækni og stíl. Húsið var steinsteyppt og með stórborgarsníði: hærra, stærra og vandaðra en önnur slík hús sem áður höfðu verið reist hér á landi. Með byggingu þess var gefið fordæmi um stærð og yfirbragð þeirrar byggðar sem síðar reis í miðbænum. Húsið var teiknað af Guðjóni Samúelssyni, sem fyrstur íslendinga lauk fullnaðarprófi í arkitektúr. Húsið ber ýmis stíleinkenni framsækinnar húsagerðar aldamótatímabilsins í Norður-Evrópu, frá stefnum á borð við nýbarok og þjóðernis-rómantik.

„Húsið var byggt á fyrstu stríðsárunum, og fyrir þann tíma voru steinsteypubyggingar ekki svo algengar sem nú. Hér var því ráðist í mikið, að byggja stórhýsi úr steinsteypu, og þótti mörgum mikið til þess koma þegar þetta steinbákn var að rísa upp. – Um ytra útlit skal eg geta þess, að báðumegin við Pósthússtræti og sunnan við Austurstræti hafði ég hugsað mér turnar kæmu á hornbyggingarnar, og því gerði ég turn á hornið á þessari byggingu. Þessa turna hugsaði ég mér eins konar hlið inn í miðbæinn.“

Guðjón Samúelsson. Íslensk byggingarlist. Sérprentun úr Tímariti Verkfræðingafélags Íslands, 1933, 6. hefti.



Merki félagsins.

**Stefán Eiríksson**  
**Samúel Eggertsson**

„Sem dæmi þess, hvernig stjórnin vandaði til alls, má m.a. nefna það, er velja skyldi íslensk heiti á ýmsum hlutum í skipinu og ýmsum starfsgreinum skipverja. Gerði stjórnin skrá yfir öll útlendu orðin og sendi hana málfróðum mönnum og bað um tillögu þeirra um íslensk heiti. Eftir að tillögur um þetta bárust stjórninni í hendur, bar hún þær saman og valdi þær þýðingarnar, sem flestum stjórnarmanna fell best í geð eftir ítarlega athugun. Auðvitað hefði stjórnin verið meira en einfær um að velja þessi eða önnur svipuð heiti upp á eigin spýtur, en þetta sýnir vel, hversu vel hún vildi vanda verk sitt og njóta hintrar bestu sérþekkingar á öllum sviðum.

Sama er að segja um gerð og útlit hlutabréfanna, svo að annað dæmi sé nefnt. Ýmsir listamenn gerðu teikningu af þeim, en að lokum var valin teikning Stefáns Eiríkssonar tréskurðarmanns með nokkrum breytingum, sem félagsstjórnin óskaði, að hann gerði. Voru hlutabrefin undirrituð af félagsstjórninni og dagsett þann 1. júlí 1914.

Fimskipafélag Íslands



50

EDA S  
BRJEF

Í HLUT  
UM FJ

la  
St  
Ho





# UTAFJELAGIÐ SKIPAFJELAG ÍSLANDS.

1914

B-FLOKKUR nr.

50 kr.

ÞAR ÖÐLAST Á LÖGLEGAN MÁTT EIGNARRJETT AD HLUTA-  
ER EIGANDI AD

## ÞRÍM TÍU KRÓNUM

ÞENNU EIMSKIPAFJELAG ÍSLANDS MED ÖLLUM RJETTIND-  
UNNA OG HÁÐUR ÞEIM SKYLDUM, ER LÖG FJELAGSINS ÁKVEDA.

REYKJAVÍK,

ÞÓRN H/F EIMSKIPAFJELAGS ÍSLANDS

Stjórn  
forseti

*J. Þorpeirsson*

*E. E. E. E.*

*D. D. D. D.*

*A. Johnson*



1910-1920

Sama máli gegnir um merki félagsins. Eftir gaungæfilega athugun á ymsum mekjum var ákveðið að velja sem merki fyrir félagið Þörsmerkið með þessari gerð: „Kross með hákum, og eu hakarnir á lengd helmingur af lengd hverrar hinna fjöggra krossálma og jafnr þeim á breidd, en breidd hverrar krossálmu er helmingur af lengd hennar“.

„Þá var eigi um aðra vernd að ræða fyrir slíkt merki en skrásetning þess vörumerkis og tilkynnti félagsstjórnin því merki þetta til vörumerkja-skráritara 4. Júní 1914, og var það skrásett 6. s. m.

Tilvitnun úr:  
**Eimskipafélag Íslands**  
**Tuttugu og fimm ára**  
Reykjavík 1939

Sárfáni félagsins var gerður eftir teikningu Samúels Eggertssonar dráttlistarmanns. Fáninn er þannig:


„Hvítur felður og í honum blátt Þörsmerki (hakakross — Svastika). Stangarmegin við Þörsmerkið eru tvær krossálmubreiddir, en þeim megin, sem fjær er stönginni, þrjár krossálmubreiddir. Fyrir ofan og neðan Þörsmerkið 1 2/5 krossálmubreiddir. Lengd hakanna er helmingur af lengd hverrar krossálmu, en breidd hakanna er jöfn breidd krossálmanna“.

Var fáni þessi í fyrsta skipti dreginn að hani á skrifstofu félagsins á afmælisdegi Láns Sigurðssonar, þann 17. Júní 1914.“

Í stólnum gætir samtíma danskra áhrifa sem kennd eru við „Skönvirke“ þar sem fram kemur nútímaleg hugsun um notagildi og einfalt skreyti, en jafnframt virðing fyrir handverkinu. Stóllinn var notaður með samstæðum húsgögnum í svefnherbergi (tvö rúm, tvö náttborð, snyrtiborð, fataskápur, kómmóða og tveir stólar (ABS 12314-12315), sem öll voru smíðuð af Bjarna Jónssyni (1880-1966) húsgagnasmíð, en hann var einn af stofnendum trésmíðaverkstæðis Jóns Halldórssonar & Co. í Reykjavík. Bjarni lærði húsgagnasmíði, útskurð og innlögn hjá Chr. Kjær í Kaupmannahöfn á árunum 1903-1906 og voru húsgögnin alla tíð í eigu Bjarna og seinni konu hans Sesselju Guðmundsdóttur, en þau giftu sig árið 1910.

Arndis S. Árnadóttir. Vernacular furniture crafts to design: Icelandic furniture 1900-1945. Scandinavian Journal of Design History, 1999.


Arndis S. Árnadóttir



Áklæðið er ekki upprunalegt. Smíðaður snemma á öðrum áratug tuttugustu aldar af B

**Stóll úr satínvið, pólerað**





na Jónssyni / Jón Halldórsson & Co.

# ur með útskurðri í baktré

Eigandi: Árbæjarsafn ÁBS 12314.  
Ljósmynd: Marisa Arason.

Á þriðja og fjóra áratugnum hönnuðu innlendir arkitektar húsögn og innréttingar fyrir ýmsar opinberar byggingar. Á Teiknistofu húsameistarara ríkisins, Guðjóns Samuélssonar, voru til dæmis teiknaðir stólar fyrir Kringlu Alþingishússins frá árinu 1926 sem voru svipaðir að gerð og stólar fyrir Landspítalann skömmu síðar.

Landspítalastóllinn er einfaldur í formi, auðveldur að fjöldaframleiða í vélum og laus við allt skreyti, mjög í anda þeirrar notagildisstefnu, sem á fjórða áratugnum varð ríkjandi hugmyndafræði modernismans. Margar tegundir húsgagna voru teiknaðar fyrir Landspítalann, og stólarnir voru hugsanlega smíðaðir bæði úr birki, póleraðir eða lakkaðir í „violet“ og hvítu, eða úr bónaðri eik, en aðeins örfáir þeirra hata varðveist.


Arndís S. Árnadóttir, *Vernacular furniture crafts to design: Icelandic furniture 1900-1945*, *Scandinavian Journal of Design History*, 1999.

Arndís S. Árnadóttir

# Stóll úr birki, lakkaður hvítur með stólsetu klæddri leðureftirlíkingu

## Teiknaður fyrir Landspítalann á Teiknistofu

Eigandi: Ríkisspítalar  
Ljósmynd: Arndís S. Árnadóttir



**Úsameistara ríkisins, Guðjóns Samúelssonar.**



Ljósmyndari ókunnur

# Garðastræti 41

# Sigurður Guðmundsson

Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur  
Pétur H. Ármannsson / 14.9.2000

Brot úr íslenskrí arkitektúrsögu á 20. öld  
Textar og tilvitnanir





# ndsson arkitekt

Á þriðja áratug aldarinnar urðu róttæk umskipti í arkitektúr með tilkomu mórernisma (funksjónalísma) í arkitektúr. Hin nýja stefna fól í sér endurmat á öllum meginþáttum byggingarlistar. Krafa var gerð um samvirkni forms og notagildis og tilvísunum í sögulegar stílgerðir hafnað. Í tæknilegu tilliti byggði stefnan forsendur sínar á eiginleikum nýrra efna, stáls og steinsteypu, sem sköpuðu skilyrði fyrir opnari og frjálsari rýmisskipan. Fyrsta húsið með skýrum einkennum hinnar nýju stefnu var hús Ólafs Thors á Garðastræti 41, teiknað árið 1929 af Sigurði Guðmundssyni arkitekt. Ýmis nýmæli, svo sem sólsvalir á þaki, hornfluggar úr járn og stálpípuhandrið vitna um skyldleika við hugmyndir Bauhausskólans og verk arkíteksins Le Corbusier.

„Hinn nýi still gerir fyrst og fremst þær kröfur, að húsín séu nothæf, sem framast má verða, og að öll gerð þeirra og allt form svari til þess hlutverks sem þeim er ætlað. Að byggingarefnið sé notað rétt og samkvæmt eðli sínu. Ennfremur að hin ytri ásýnd segi sannleikann en sé ekki dulargervi til þess að leyna veruleikanum. ... Gerð hússins að utan, skipulag þess að innan og hin berandi „konstruktion“, eða máttarvirki, verða að vinna saman í öllum meginatriðum, og gera eina samfellda og skýra heild.“

Sigurður Guðmundsson arkitekt. Brot úr útvarpserindi, flutt árið 1933.  
Húsagerð. Tímarit lónaðarmanna, 6. hefti, 7. árg., 1934.

**Fastar innréttinga**

(stendur enn að hluta)

**Reykjavíkur Apótek, innrétting lyfjabúðar**





# Sigurður Guðmundsson arkitekt

„... lyfjabúðarinnréttingin [hefur] sérstakt listsögulegt gildi þar sem hún er eina heilsteypa innréttingin hér á landi með skýrum einkennum norrænnar klassíkur. Á það jafnt við um rýmismynd hennar, húsgögn og einstök útfærsluatriði. Til er fjöldi vinnuteikninga af hendi Sigurðar er vitna um þann óvenjulega metnað sem lagður var í úrlausn verkefnisins. Innréttingin er einstök í íslenski hönnunarsögu og að mínu mati ein af þeim þremur merkustu frá fyrri hluta þessarar aldar, - ásamt innviðum Safnahússins við Hverfisgötu og Landsbankans í Austurstræti. Auk hönnunarsögulegs gildis tengist innréttingin íslenski myndlistasögu vegna útskurðarverka Ásmundar Sveinssonar og höggmynda Alberts Thorvaldsen sem þar var ætlaður staður, en þær prýddu í upphafi gamla apótekið við Austurvöll. Þá er innréttingin merkur vitnisburður um íslenskt handverk síns tíma, en öll vinna við hana var unnin af íslenskum iðnaðarmönnum.“

Pétur H. Ármannsson. Úr álitserð til  
Húsafríðunarmyndar ríkisins um varðveislu-  
gildi innréttingar Reykjavíkur Apóteks,  
26. febrúar 1999.






...nefndin hafði látið gera sérstakt Alþingishátíðarmerki, sem flestir Íslendingar munu nú kannast við. Fór fram samkeppni um þetta merki og sigraði tillaga Tryggva Magnússonar, dráttlistarmanns. En það merki var „Vikingaskipið“ á vestari barmi Almannaþings með sól bak við og áletrun: „Alþingishátíðin“ með rúnastöfum. Þetta merki var svo sett á hvað eina, er hátíðina varðaði, allt prentað mál, boðsbref, bréfhausa og umslög, fánastengur o.s.frv. Þetta merki var að sjálfsögðu sett á allan borðbúnað, hvort heldur var postulín, gler, málmur eða hvað sem var. Postulínsborðbúnaður var gerður eftir uppdrætti Björns Björnssonar, dráttlistarmanns, og var það umgjörð úr höfðaletri.






Úr Alþingishátíðin 1930. Eftir Dr. Magnús Jónsson.



Borðbúnaður Alþingishátíðarinnar 1930.

...var gerð gangskör að því, að slegnir yrðu minnispeningar og gerðu þeir uppdrætti að þeim Einar Jónsson, Baldvin Börnsson, Tryggvi Magnússon og Guðmundur Einarsson.






„Á Íslandi  
stéttaskip  
með þeim  
að listfeng  
hagleiksm  
skipað fyr  
og stíl af k  
Yfirleitt ga  
gert það s  
þóknaðist

var  
ting ekki  
hætti  
u fólki og  
önnum væri  
um smekk  
upendum.  
t bílðskerinn  
em honum

Gunnlaugur SE Briem. Hugur og Hönd 1981.





Jón Leifs, síðar tónskáld. Úr stíl í 3. bekk Menntaskólans í Reykjavík, 1915.

## í landi þ

Þegar ég fer að hugsa um  
þeirra séu spegill lands  
samræmi við landið er  
menn sem þeir hefðu  
þar sem ... árnar og foss  
og sólin slær gullnum  
að allt þetta virðist sp  
eftirkomendurnir þá e



# r sem ... árnar og fossarnir syngja



fornmenn þá virðist mér sem sálir  
ns. Þeir virðast hafa verið í betra  
ð nú á tímum. Mér finnst að slíkir  
ergi getað verið til nema í landi  
nir syngja, fjöllin nötra, eldur ólgar  
roða á heiðbláan himininn því  
plast í sálum forfeðranna. Skyldu  
ki hafa eitthvað slíkt til að bera?

(Íslensk hugsun í ræðu og riti á tuttugustu öld, Vaka-Helgafell 1999)

AKUREYRI OG EVJAFJARDARSÝSLA



Merki Akureyrar var teiknað af Tryggva Magnússyni.



verk með

Guðmundur Einarsson frá Miðdal, 1895-1963

Órninn er í eigu Listasafnsins á Akureyri.



„Sú gerð leið  
efalaust af r  
á þessu sviði  
einnig alla  
framleiðslu  
með útskurð  
mikilvægur  
verk með my  
en meðal þ  
sjómönnum,  
og ísbjörnu  
myndum, þar



# Þeir myndefnum sem höfðuðu sterkt til landsmanna

Verka sem Guðmundur byrjaði á sprattum þeirra hefða sem hann hafði kynnst í námi sínu í Þýskalandi; þaðan fékk hann á liti og glerunga sem notaðir voru við a. Renndir vasar voru gjarnan skreyttir með öðrum hætti, og málun gripanna var áttur. Fljótlega mótaði Guðmundur einnig myndefnum sem höfðuðu sterkt til landsmanna, þeirra má nefna smástyttur af íslenskum söðsagnakenndum draugum, hestum, selum, að ógleymdum hinum þekktu fugla- og dýrafélagum, rjúpunar og hrafninn bar hæst.“



„Höfðaletur  
eins og Ís  
Eigi að síð  
til er. Því  
afspurnar  
þessu me  
þráður ge



Höfðaletur á þjóðh  
eftir Tryggva Magn

er að vísu runnið af erlendum leturgerðum alveg  
 dingar sjálfir eru komnir af erlendum þjóðum.  
 er höfðaletur íslenskr leturgerð í því formi, sem  
 kar er það tilfinnanlegt, óþjóðlegt og illt til  
 þó aðeins sárafáir menn á landinu kunna skil á  
 ilega letri, sem gengið hefur eins og rauður  
 um skrautlist Íslendinga á umliðnum öldum“

Tilvitnun úr „Með oddi og egg“  
 Minningar Ríkharrs Jónssonar 1972. Bls. 192.



frimerkjanna 1930 olli miklum vangaveltum meðal erlendra frimerkjasafnara. Teikning  
 en Ludwig Hesseheimer teiknaði rannsóttu eða umgerð allra frimerkjanna fyrir hátíðina.





Ljósmynd: Arnáfs S. Arnadóttir



# Jónas Sólmundsson

Armstóll án afturfóta, úr krómuðum stálrörum. Upprunalegt áklæði. Sömu gerðar og stólar hannaðir af Jónasi Sólmundssyni, nú í eigu fjölskyldu hans. Framleitt á tímabilinu 1933 - 1937 hjá Smiðastofunni Reynir / Stálhúsgögnum h.f. Eigandi: Listasafn Íslands / Safn Ásgríms Jónssonar.

**Jónas Sólmundsson (1905 - 1983) var einn þeirra sem nam húsgagnasmíði hjá Jóni Halldórssyni & Co. Um miðjan þriðja áratuginn hélt hann til framhaldsnáms í Detmold í Þýskalandi og síðar í innan-hússarkitektúr í Frankfurt am Main þar sem ríkjandi voru nútímalegar hugmyndir um notagildi hluta, notkun nýrra efna og mikilvægi staðlaðra stærða.**

Þegar heim kom stofnaði hann ásamt tveimur öðrum, Garðari Hall og Ólafi B. Ólafs, Smiðastofuna Reyni í Reykjavík, og auglýst var að þeir smíðuðu alls konar húsgögn eftir eigin teikningum. „Þarna framleiddum við mikið af fúnkishúsgögnum og ég var jafnvel svo geggjáður módernisti, að ég tók að móta stál til húsgagnagerðar“. Verkstæðið Stálhúsgögn h.f. var stofnað 1933 af tveimur járnsmiðum, Gunnari Jónassyni og Birni Olsen, og fram til 1937 deildu þessi tvö verkstæði sama húsnæði á Vatnsstíg í Reykjavík. Krómhúðun þekktist hér á landi frá því 1933 og mjög snemma voru krómhúðuð stálrör notuð í húsgagnaframleiðsluna. Fyrirmyndir að stálhúsgögnunum voru oft sóttar erlendis frá, einkum frá Þýskalandi og Frakklandi.

„Kom með fúnkislinuna inn í útskurðartímabilið.“ Guðrún Egilson ræðir við Jónas Sólmundsson. Lesbók Morgunblaðsins, 1975.

Arndís S. Árnadóttir. Vernacular furniture crafts to design : Icelandic furniture 1900-1945. Scandinavian Journal of Design History, 1999.

Arndís S. Árnadóttir



(1087-1950)

**Guðjón Samúelsson**

**Birki, Hönnunarsafn Íslands.**

## **Stóll fyrir hátíðarsal Háskóla Íslands**

Lögun og þyngdarpunktur stólanna sem Guðjón gerði fyrir Hátíðarsal Háskóla Íslands seint á ferli sínum ræðst að miklu leyti af því að þeim var ætlað að standa þétt saman í röðum. Notkun Guðjóns á íslensku birki í viðhafnarstóla fyrir æðstu menntastofnun íslensku þjóðarinnar er að sjálfsögðu mjög meðvituð. Virðuleiki stofnunarinnar er sérstaklega áréttaður með háu bakinu í frönskum keisarastíl, sömuleiðis með rauðu plussi á baki og setu.

**Aðalsteinn Ingólfsson. Hönnunarsafn Íslands.**



Okkur er óhætt að setja  
kröfumarkid miklu hærra  
en við almennt gerum,  
þegar við sjálf eigum  
í hlut, því kraftar, þrek og  
djörfung, sem við vissum  
ekki af í eigu okkar, koma  
þá og hjálpa okkur

Þórunn Richardsdóttir Sivertsen rithöfundur. Hlín, 17. Árg. 1933.



... Þeir koma innan að frá  
okkur sjálfum, hafa alltaf  
sofið þar og beðið eftir því  
að vera kallaðir fram.  
Fjöldi staðreynda er fyrir  
því að í hverjum manni  
eru mörg hestöfl af orku,  
sem hann aldrei notar, af  
því að hann, ef svo mætti  
að orði komast, finnur  
ekki lykilinn að hólfinu  
sem hún er geymd í.



## *Þau trúa á framtíðina!*

en treysta mest eigin fyrirhyggju. Hann hefir  
keypt hjónatryggingu og líftryggt bæði börnin.  
Svo bjóða þau framtíðinni birginn.

Sjóváttryggingarfélag Íslands





„Ákveðið var þó  
hann er í skjald  
samþykkt að í s  
andi sól. Á krim  
Sólarupprásin  
unga lýðveldis,  
atburð, er Íslan  
stjórnarfyrikor



Nefndin fékk S  
að fullgera tei  
í stað hvíta lits  
í skjaldarmerk  
á skildinum vera  
voru, var mynd s



Þ hafa til fyrirmyndar skjöldinn, eins og  
merkinu, og eftir nokkrar umræður var  
þ kórónu skyldi koma mynd af upprenn-  
i sólarinnar skyldi letrað 17. júní 1944.  
yldi tákna nýjan og ljómandi dag hins  
g gat þannig orðið táknræn fyrir þann  
rði að fullu frjálst og óháð ríki með nýju  
lagi.


...að fullu frjálst og óháð ríki...

fán Jónsson teiknara í Reykjavík til  
ingu að þessu merki í fánalitinum.  
s skyldi koma silfurlitur, eins og er  
u og einnig skyldi sólarmyndin ofan  
silfurlituð. Á þeim merkjum sem prentuð  
larinnar í gulum lit.

Úr „Lýðveldishátíðin 1944“



**Grunnhugur  
flugvélavirka  
Hann teikna**








**Þaðina að merki Loftleiða átti Halldór Sigurjónsson  
- Síðar stílfærði Halldór Pétursson merkið.  
Einnig merki Flugfélags Íslands.**







Í húsi Búnaðarbanka Íslands í Austurstræti notfærði arkitektinn Gunnlaugur Halldórsson sér möguleika steinsteypunnar með því að móta óbundið rými á götuhæð með burðarsúlum í stað veggja. Byggingin vitnar um ný og lýðræðisleg viðhorf í hönnun bankabygginga. Bjartur og nútímalegur salurinn opnast út á móti götunni og býður vegfarendur velkomna. Byggingin er dæmi um vandaða, móderníska hönnun allt niður í smæstu atriði, svo sem húsbúnað, lampa og skilti. Skarphéðinn Jóhannsson, þá húsgagnaarkitekt, hannaði innréttingar í bankasalnum og daninn Børge Mogensen teiknaði húsgögn í skrifstofur bankastjóra á 2. hæð. Listamennirnir Jón Engilberts og Sigurjón Ólafsson voru fengnir til að vinna veggmyndir og skreytingar í afgreiðslusal bankans. Það var nýmæli hér á landi að hönnuðir á ólíkum sviðum ynnu saman að því að móta heilsteypa ímynd fyrirtækis.

# Búnaðarbankahúsið,

„Um gerð hússins réð annars mestu bankasalurinn. Byggingin hlaut að verða súlnabygging, svo hægt væri að opna framhliðina alveg, og þannig vega að nokkru móti hinum gluggalausu langveggjum. Þó þetta væri andstætt gömlum venjum um bankabyggingar, var líklegt að mjög opin götuhlið, sem gerði bankasalinn bjartan og sýnilegan utan frá, mundi auka gengi bankans ef vel tækist, og að skemmtileg bygging með fríðu starfslíði mundi ekki síður vekja traust en hin venjulega virkjum líka bankamynd. Önnur leið og naumast fær ef dagsbirtan átti að skipta máli í hinum djúpa sal.“

Gunnlaugur Halldórsson. Búnaðarbankahúsið.  
Byggingarlistin, 1. hefti. 1951.

Ljósmyndir: Vigfús Sigurgeirsson



Brot úr íslenski arkitektúrsögu á 20. öld  
Textar og tilvitnanir

# sturstræti

**Gunnlaugur Halldórsson arkitekt**  
**Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt**  
**Börge Mogensen arkitekt**

Byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur  
Pétur H. Ármannsson / 14.9.2000





Sveinn Kjarval, fyrsti menntaði húsgagnahönnuður okkar Íslendinga, var umsvifamikill á sjötta og sjöunda áratugnum. Hannaði hann þá nokkrar gerðir „pilárestóla“ úr gufubeygðri eik, þar sem hann vitnar bæði til danskra lærifedra sinna – stólar Hans J. Wegners og Børge Mogensens koma upp í hugann – og þénugra hversdagsstóla amerískra sértrúarsöfnuða. Einna óvenjulegastur þessara stóla Sveins er sá sem hann gerði árið 1953, en þar renna saman bak og brík og mynda skáhallandi umgjörð utan um þann sem í stólnum situr. Á setunni er síðan íslenskt ullaráklæði, eins og ævinlega á tréhúsgögnum Sveins. Sveinn kom víða við í húsgagnahönnun sinni, teiknaði m.a. mikilúðlega legubekki í „sumarbústaðastíl“ og aðskiljanlegan annan húsbúnað. Hann var heldur ekki frábitinn því að prófa nýjan efnivið, t.d. járn og plast, auk þess sem líkur eru á því að hann hafi hannað stóla með gæruskinni.

Aðalsteinn Ingólfsson  
Hönnunarsafn Íslands


# Sveinn Kjarval

[1919]



al Stóll úr eik  
1981





Leirmunir Ragnars báru með sér að þar fór listamaður sem hafði menntað sig í hvortveggja, höggmyndalist og leirlist. Árið 1957 stofnaði hann leirverkstæðið Glit, þar sem hann framleiddi m.a. muni úr leir blönduðum íslensku blágrýtisgjalli. **Framan af er helsta einkenni á leirframleiðslu Ragnars samræmið milli formgerðar, skreytingar og áferðar þeirra gripa sem hann gerði.**

Aðalsteinn Ingólfsson, Hönnunarsafn Íslands.

# Ragnar Kjartans




**son** (1923-1989)





Hallargarðurinn var gerður að tilstuðlan Harðar Bjarnasonar þáverandi skipulagssjóra ríkisins og Gunnars Thoroddsen þáverandi bæjarstjóra Reykjavíkur. Um var að ræða að gera almenningsgarð úr fjórum ólíkum lóðum þ.e. lóð Íshússins, sem nú hýsir Listasafn Íslands, lóð Kvennaskólans í Reykjavík, lóð Thor Jensens, en hús hans hýsti þá Sakadómara ríkisins, og stóra auða lóð á horni Frikirkjuveggar og Skothúsveggar sem var í eigu bandaríska sendiráðsins. Markmið hönnunarinnar var að sameina þessar ólíku lóðir á áreynslulausan hátt í samfelldan almenningsgarð. Við mótun garðsins var lögð áhersla á mjúkar bogadregnar línur og form sem var nýjung á þeim tíma. Veggir á lóð Thor Jensens voru fjarlægðir allt að bakhlíð hússins til þess að rjúfa ekki heildarmynd garðsins. Mikil áhersla var lögð á að hlífa gróðri sem var fyrir hendi og fór allur efnisflutningur á lóðinni fram með hjólbörum af þeim orsökum. Í garðinum var lengi vel tjörn sem var vinsælt buslusvæði barna, að margra mati missti garðurinn mikið þegar hún var fjarlægð.





**Jón H. Björnsson**  
**landslagsarkitekt**

**Hallgráðurinn**

**Reykjavík**  
1953-1954



D.R. „Þetta hefur verið snemma á árinu 1957. Ég man að það var enn kalt og einhver snjór á jörðu. En það sem ég fékk að gera, tók ekki hvert við af öðru, heldur var ég að fást við margt í einu. T.d. kynntist ég Guðmundi Kristinssyni arkitekt tiltölulega snemma, var mikið hjá honum á kvöldin. Við kynntumst þannig að Sigga fór með mig í Hörpu í atvinnuleit. Hún hafði sjálf unnið þar sem skrifstofustúlka. Hún þekkti verksmiðjustjórann Guðmund, sagði að hann væri góður maður sem gæti örugglega fundið eitthvað handa mér að gera. Ég hitti Guðmund, sem tók mér vel og bauð mér að gera almanak fyrir Hörpu.

**Úr viðtali Aðalsteins Ingólfssonar við Dieter Roth.**



Meðan ég var að bíða frammi á skrifstofunni hjá honum, þá sat Guðmundur Kristinsson þar líka. Við tókum tal saman og þá kom í ljós að hann hafði stúderað arkitektúr í Sviss. Við vorum ekki í vandræðum með umræðuefni. Guðmundur var afar hrifinn af arkitektúr í Sviss.



einindi  
ÞUR  
SYNNI  
ki

**R**

**HÖRPU-  
BÍLA RYÐVARNA**

4 LÍTRAR





Það voru nokkrir ágætir arkítektar þar, þú veist. Okkur kom sem sagt vel saman og ég kvartaði yfir mínum högum, hve fátækur ég væri, hefði ekkert að gera o.s.fr.v. Guðmundur sagði strax: Komdu bara til mín.

Og ég fór að vinna hjá honum fyrir hádegið. Eftir hádegið vann Guðmundur með Gunnlaugi Halldórssyni.

Ég fór strax að vinna fyrir hann húsamódel, bæði hjá honum á stofunni og heima. Svo fylgdist ég með því sem hann var að gera og spurði hvort að ég gæti ekki gert þetta. Guðmundur fékk mér ýmis verkefni, ég teiknaði t.d. stóla fyrir hann, mubblur. T.d. byggði hann eða breytti húsnæði fyrir Hörpu. Því var breytt í skrifstofur sem ég teiknaði mubblur fyrir. Svo teiknaði ég oft svona detalj, rútínurusi ýmislegt og flýtti þannig fyrir honum. Það var svo hjá Guðmundi sem ég kynntist Manfreð Vilhjálmssyni, þeir unnu saman um tíma. Hins vegar vann ég aldrei fyrir Manfreð. Guðmundur verndaði mig mikið. Einu sinni var einhver aðili óánægður með verk sem ég hafði unnið, en Guðmundur var á mínu bandi. Eitt verk sem ég vann var veggur í lyfjafyrirtæki. Þetta var svona lítið fyrirtæki sem Guðmundur eigandi Hörpu, átti líka. Þetta var svona aukageta hjá honum, smávegis innflutningur.

Við Guðmundur teiknuðum mubblurnar saman, þar voru borð með þykkum glerplötum og stálfótum. Guðmundur í Hörpu var ekkert hrifinn af þessu og þegar ég kom með vegginn, þá varð hann alveg öskuillur. Ég var bæði sár og hissa en Guðmundur K. var sallarólegur og mótmælti honum kröftuglega. Þá gaf nafni hans sig. Þessi veggur var í gömlu húsi í Vogunum."

## HARPA


HÖRPU-BÍLARYÐVARN  
festist sérlega vel við  
og ver ryðmyndun.  
Hann þárnar á 5-15 e  
Má þú sparlá yfir har  
með HÖRPU-BÍLALAK

GRUNNUR



# Dieter Roth





Myndin er úr barnadæld Kúlunnar. Leikföng, húsgögn í barnaherbergi og teikningar eftir börn á veggjunum.

Kúlan á myndinni er búin til úr tannhjólum og úrahlutum allskonar. Fígúran í horninu

er gerð úr rörbútum. Það er hægt að taka hana í sundur og setja hana saman eftir vild, kjaffastóllinn fremst er úr járnörum með strigaplóðum. Myndin er tekin í Kúlunni – (Ljósm. Þjóðv. A.K)

Í gær var  
og selur  
Allt er þó  
og frágan  
og hugm  
sagt ekki  
sem til n  
maður við  
við einfak  
og forða  
að halda  
með leikf  
eftir börn  
Guðmund  
Hörð Ágú  
Weber. H  
Dieter Rot  
verslun  
Malmber  
eru eftir  
á horni S  
nánar til  
muni fólk  
að jafna  
viðreisna  
nytsaman



nuð ný verslun hér í Reykjavík. Kúlan heitir hún  
húsgögn og ýmsa hluti til skrauts og hóbýlaprýði.  
Með næsta nýstárlegum hætti bæði hvað stíl  
þertir, enda standa að fyrirtækinu ungir listamenn  
þeirra um húsgögn og skrautmuni eru vægast  
þræmi við það sem maður á að venjast. Eitt af því,  
þæla telst, er að húsgögnin eru seld hvort heldur  
máluð eða í þeim lit sem maður kys. Allt er miðað  
eikann og notagildið. Með því að nota ódýrasta efni  
dýrar samsetningar og óþarfa slípun, er hægt  
róinu mjög lágu. Þá er þarna sérstök barnadeild  
gum og húsgögnum í barnaherbergi og teikningum  
myndir prýða vegg, ljósmyndir eftir Rafn Hafnfjörð,  
Vilhjálmsson og Andrés Kolbeinsson, teikning eftir  
son og listaverk eftir Jón Gunnar Árnason og Rolf  
gögnin eru teiknuð af þeim Manfreð Vilhjálmssyni,  
og Magnúsi Pálssyni, en þeir sjá líka um uppsetningu  
nar. Hinir sérstæðu skartgripir eru gerðir af Gunnari  
Dieter Roth og Sigríði Björnsdóttur. Öskubakkarnir  
Dieter Roth og Jón Gunnar Árnason. Kúlan er til húsa  
avörðustígs og Bergstaðastrætis við hliðina á Gosa,  
ó á Skólavörðustíg 10. Hugmyndin er að í framtíðinni  
á að sitja í versluninni við lestur tímarita, sem  
munu verða fáanleg þar. Húsgögn eru dýr þessa  
laga og áreiðanlega mun margur geta sótt sér  
g skemmtilegan hlut í Kúluna fyrir lítið verð.



# Nesti hf.

Bensínafgreiðslustöðvar í Fossvogi og Elliðaárdal  
Manfréd Vilhjálmsson arkitekt

Ljósmyndir: Andrés Kolhainsson Byggingarlistaríðill Listasafns Reykjavíkur Pétur H. Ármannsson / 14.9.2000


## BYGGINGARLISTIN

1960




Um miðjan 6. áratuginn birtust nýjar áherslur í arkitektúr í bensinstöðvum Nestis við Fossvog og Elliðaár, reistar eftir teikningum Manfréðs Vilhjálmssonar arkitekts. Auk þess að vera með fyrstu bílabjónustustöðvum sinnar tegundar á Norðurlöndum voru byggingarnar nýstárlegar vegna þeirrar áherslu sem lögð var á léttleika í efnisvali og uppbyggingu. Afgreiðsluskýlin voru eingöngu byggð úr léttum efnum, burðargrind úr stáli en klæðningar úr gleri, plasti og gúmmi. Ólíkum efnum var stillt saman sem andstæðum og efnisuppbygging hússins gerð auðsæ hverjum sem skoða vildi. Létt og svífandi þakformin voru táknræn fyrir nýjar hugmyndir í efnisvali og rýmisskipan er vísuðu veginn að framsæknum arkitektúr 7. áratugarins.

„Bifreiðabjónusta þessi er skilgetið afkvæmi þeirrar vélaaldar, sem við lifum á. Hún er nýtt fyrirbrigði hér á Íslandi en vel þekkt víða erlendis. Segja má að þetta hús eða skýli sé reist handa hinum tímabundna manni: bifreiðastjóranum, sem alltaf er að flýta sér. ... Byggingarlag er augljóst, ekkert er falið, rúm hússins stendur opið og létt við augum skoðandans. Það er skemmtilegt flug í hinum rytmisku hreyfingum þaksins, sem haldið er í skefjum af rólegum og lóðréttum uppistöðum.“

Hörður Ágústsson. Nesti h.f. [gagnrýni]. Byggingarlistin, 4. hefti, 1960.



Brotiúr íslanskri arkitektúrsögu á 20. öld. Textar og tilvitnanir





# Mokka-Espresso-Kaffi, Skólavörðustíg 3a H



Um leið og eiganda staðarins, Guðmundi Baldvinssyni, tókst að hönnuðinum, Halldóri Hjálmarssyni, að skapa umhverfi sem var hugsjóna. Engar grundvallar breytingar hafa verið gerðar á staðnum. Gestirnir eru í eðli sínu þeir sömu þó kynslóð taki við af kynslóð.

„Húsnæðið sem „Mokka“ hefur til umráða er ekki stórt, en allt arkitektið frekast var unnt hefur verið gert til þess að stofan yrði þessi. Það vel hafi tekið fái staðizt dóm yðar fréttamanna.“

(Mánudagsblaðið, Mánudagur 2. Júní 1958)

**Hörður:** Já, ég vil nú fyrst segja að ég er afskaplega glaður yfir því að vera hérna hjá ykkur, glaður yfir því að vera kominn í skólann minn. Ég er menntaður hér í þessum skóla, ég hef verið kennari í þessum skóla og ég hef verið skólástjóri hér í þessum skóla og þvælst víða. En svo kemur ungur maður og biður mig um að tala við nemendur og segja eitthvað frá. Ég gat auðvitað ekki neitað þessu þó svo að ég væri á bólakafi í öðru - því núna er ég orðinn byggingalistafræðingur! En ég þarf að segja ykkur þrennt fyrst. Í fyrsta lagi finnst mér þetta jákvætt, mjög jákvætt að þú skyldir biðja mig að koma hingað. Í öðru lagi hafa listfræðingarnir ekki spurt mig neins og það veður uppi mörg vitleysan í því sem þeir segja um okkar kynslóð. Það vill nú svo til að ég hef lifað allan íslenska módernismann eins og hann leggur sig í myndlistinni, í arkitektúrnum og í þessari göfugu grein sem ég tel bókagerð og auglýsingateiknun vera. Svo ætla ég að grínast dálítið við þig. Þegar þú hélt þessa ræðu þá sá ég sjálfan mig í kringum 1960 og var að hugsa um að segja við þig eins og Jón Arason sagði: „Veit ég það, Sveinik!“ Þessi ræða þín er alveg nákvæmlega það sem ég hefði sagt fyrir þrjátíu árum, nema ég sagði að listin og tæknin fyrir þennan tíma hefðu búið í farsælli sambúð og ég líkti henni við gott hjónaband og að það hefði alveg verið jafnt á með báðum aðilum komið - það væri ástsælt á milli þeirra en vélin hefði verið eins og hver annar - ja ég veit ekki hvað á kalla það - friðill - sem hefði komist upp á milli og skilið þau að. Og ég lít svo á að karlarnir séu harðir, og að þeir séu fulltrúar tækninnar, en konurnar fulltrúar listarinnar - mýktarinnar. Og svo við hverfum lengra, þá fannst mér eins og karlinn þendist út, svona (Hörður breiðir úr sér), en konan - listin - hún

dróst saman - og hvarf. Það er sannleikurinn í málinu. Ég hef verið að skrifa sögu íslenskrar byggingarlistar og uppgötvad mér til skelfingar, ég sem hef barist fyrir módernismanum, að módernisminn og módernisminn er tvennt ólíkt. - Ég hef svo mikið að segja þegar ég kemst innan um svona fólk eins og ykkur að ég er að hugsa um að stoppa.

En ég minni bara á að þeir voru í vandræðum með Le Corbusier þegar hann var hundrað ára, hérna upp í arkitektasafni hjá arkitektafélaginu; hann hefur ekkert meiri menntun en ég hafði frá Handíðaskólunum á sínum tíma. Tvö ár í handíðaskóla í Sviss að læra að skera út! Hann hafði enga aðra menntun og þeir voru í vandræðum. Það var alveg eins og að minnst á snöru í hengds manns húsi að Le Corbusier var próflaus. Hann hafði það bara eins og ég, fór þangað sem hann þurfti að fara til að læra. Jæja, Le Corbusier, hann sér allt í einu að málmí er stungið inn í vél, hann stimplaður og út kemur rokokó eða barokk munstur! Hugsaðu þér: Getur þetta átt sér stað? Þetta vitið þið allt saman eða er það ekki? Það er eins og sé karlinn á kassanum. Munið þið nokkuð eftir þeim sem stóðu á Lækjartorgi og voru að frelsa heiminn? Yndislegustu menn sem ég hef hitt - þeir stóð rennsveittir og komu með kassa niður á Lækjartorg til þess að boða guðsorð. Það hlustuðu engir á þá og heimurinn fór versnandi frekar en hitt. En ég vil ekki vera neinn heimsprédikari, en þetta sem þú spurðir um í upphafi: Hann Halldór Björn - er hann ekki kennarinn ykkar? - hann segir það á bók einhverstaðar um mig að ég sé ættaður frá Bauhaus skólanum þar sem að vísindi og listir runnu saman. Og mér finnst þetta eiginlega alveg rétt hjá honum, en það sem Bauhaus var að reyna gera var í raun og veru ekkert annað en að þú hefur huga, svo hefurðu

„Það er sannleikurinn í málinu!“

1996





hönd, svo hefurðu tæki og hugurinn segir hendinni til hvernig þú mótar. Þú stendur andspænis hlutnum sjálfur - myndhöggvari, hann sér myndina frá öllum hliðum - málurinn stendur fyrir framan mynd sína. Á miðöldum voru arkitektar kallaðir meistarar verksins. Þá voru þeir annað hvort múrarar eða timburmenn sem teiknuðu húsín og þeir voru á staðnum á meðan verið var að byggja þau og höfðu þau í hendi sér. Svo kemur vélin sem milliliður og það er það sem Bauhaus er að reyna gera - að reyna að brúa þetta bil. En það er kannski dálítið erfitt að vera að tala um þjóðfélagsstefnur og hugsjónir og annað slíkt í dag, því það er allt einhvern veginn orðið úr mód. En ég lit svo á að það heppnaðist margt vel - en svo eru fyrirbæri; kommúnisminn og hinsvegar kapítalisminn. Þetta fæðist í kapitalistiskum heimi í Þýskalandi og Frakklandi og er mjög fljótt að taka við sér meðan Sovétríkin voru frjáls - Malevitch og myndhöggvarinn og arkitektinn Tatlin og Lissitzky - þeir taka við sér, þeir fara að hanna fót, þeir gera auglýsingar og móta stóla. Þetta vitið þið allt saman og þarf ekkert að endurtaka það. En þetta varð ný hugsjón strax sem kommúnisminn drap með einu höggi og kapitalisminn stórskaðaði í peningagræðginni.

Það er tvennt sem ég legg áherslu á, og er ósköp einfalt. Það er að kynna sér vel fortíðina og það eru tveir af þessari kynslóð minni sem gerðu það. Það er Karl Kvaran og ég. Ég vil þar segja ykkur það að Kalli var ennþá harðari. Hann var líka maður til að tala um myndlist - við stóðum saman í Handíðaskólanum við Grundarstíg - við stóðum saman í akademíunni í Kaupmannahöfn og við stóðum seinna saman við að lansera geómetríska abstraksjón. Og ég var strax í upphafi hrifinn af renaissansinum. Ég sagði oft við hann Kjartan Guðjónsson, sem er fæddur teiknari; ég hefði átt að vera uppi á renaissansinum en þú hefðir átt að vera uppi á barrokk tímanum þegar hann var sem allra fjölbreyttastur. Jæja, en ég leit svo á að ég gæti eiginlega ekkert málað fyrr en ég hefði tók á forminu. Sumir geta aftur byrjað bara að mála, eins og mér fannst þeir Kristján Davíðsson og Valtýr herra - þeir voru á móti skólum. Þetta gæti alveg eins bara legið í upplaginu. Einn er coloristi, annar formalisti. Okkar afstaða, Karls og mín, var sú að það þyrfti framur öllu að ná tökum á forminu. Ég ætla ekki að segja frá öllum þeim tímum sem ég sótti í módelteikningu, bæði í Kaupmannahöfn og London þegar ég var þar og í París, allan tímann. En Karl, hann var ennþá harðari en ég. Hann fer af akademíunni

og inn á teiknskóla Rasmus Bøjesens. Hann var nýkominn inn á Statens Museum for Kunst, þar sem eru klassískar styttur þegar hann er kennari Kjarvals. Fyrsti nemandi hans er Kjarval en seinasti Karl Kvaran. Og þarna situr Kalli í tvö ár - einn af okkar albestu listamönnum - abstraktmönnum - og gerir ekkert annað en að teikna grískt gifs, þ.e.a.s. gríska myndlist til þess að ná tökum á þessu sem er svo erfitt að ná tökum á og er aðalatriðið - það er hlutfallið á milli hæðar og breiddar. Þegar ég var á Ítalíu 1948, gerði ég ekkert annað í sex mánuði en að stúdera klassíkina - ég stúderaði arkitektúrinn í leiðinni, ég gæti sýnt ykkur skissubækur. Það er sama með hana Gerði Helgadóttur sem var þá nýkomin til Ítalíu. Hún tók þessa stefnu. Ég verð endilega að segja ykkur smá brandarasögu af henni og mér ef ég fæ eitthvað að drekka...

*Já, gerðu svo vel, hér er kaffi. Vantar sykur og mjólk? (Hörður virðir fyrir sér tölvurnar)*

Vitið þið það að ég er ekki steinaldarmaður - en tölvur... Menn eins og Kristján Eldjárn forseti, þetta eru menn sem voru aldir upp í sveit, þekktu ekki borgarlífið. Þeir höfðu lifað við sömu aðstæður og menn fyrir 1000 árum, og ég er ekki járnaldarmaður, aðeins yngri, en þetta er tækið sem ég nota (sýnir blýant). Ég skrifa með þessu visindagreinir. Ég teikna með þessu hús og myndir og þetta kostar svona 50-60 kr. og svo kem ég núna á söfn - ég kem mikið á Þjóðminjasafnið - og þá finnst mér ég vera kominn í klaustur þar sem hver munkur og hver nunna situr við altarið hljóð og stillt og biður til guðs - við nánari athugun sé ég að þetta er ekki altari heldur tölvur! Jæja, mér ferst ekki að tala illa um framfarirnar, sko, en ég veit ekkert hvað tölva er - ég kann ekki einu sinni á ritvél!

En ég ætlaði að segja ykkur þennan brandara um Gerði. Ég kem til Flórens í júní 1948 og ég vissi að það var einhver ung stúlka frá Íslandi að læra höggmyndalist í akademíunni þar. Jæja, og mig langaði til að hitta þessa stúlku en hafði enga addressu - ekkert. Svo ég setti mig bara í Sherlock Holmes stellingar og byrjaði að einangra hverfin. Þetta gekk lengi dags, svo er ég kominn í listamannhverfið. Þá hugsaði ég með mér: Nú fer þetta að skána! Og Ítalir, þó að þeir séu Ítalir, tala yfirleitt frönsku. Ég talaði frönsku. Svo hitti ég einn náunga, svona réttan Ítala, og spurði hann hvort hann kannaði við einhverja konu sem væri að höggva myndir - hún væri á akademíunni. Allt í einu kviknaði

á þerunni hjá honum - þið vitið hvernig það er þegar kviknar á þerunni: Ah, ha! Si, si! Signorina pantaloni! Og það þýðir einfaldlega: Konan á buxunum. Og hann segir mér hvar hún er. Svo hitti ég Gerði, rauðhærða með illa sprungið nef af kulda og í síðbuxum. Þið verðið að athuga það að þetta hefði komið í fjölmiðlum í gamla daga - kona á síðbuxum. Þegar ég labbaði með henni niður Flórens götur þá ætluðu hálsarnir á kórulum alveg í hringi. Hún hafði vinnustofu og hún lánaði mér hana og ég man eftir því að ég kópieraði í fullri stærð mynd Botticellis, fæðingu Venusar. Þetta var það sem ég lagði áherslu á. Að kunna skil á fortíðinni. Er Guðmundur bara farinn?

*Hann fór í símann (kemur inn í sömu andrá)*

**Hörður:** Þú mátt ekki fara í símann þegar svona merkilegur gestur kemur! Ég var að segja þeim söguna um hana Gerði. Þú misstir af henni en ég segi þér hana bara seinna. Ég var að segja þeim það sem ég teldi að skipti máli - það að kynna sér fortíðina. Ég lauk stúdentsprófi 1941 og fer í verkfræðideildina í eitt ár um leið og ég fer í Handíðaskólann því ég ætlaði mér að verða arkitekt fyrir hádegi og listmálari eftir hádegi. Síðan í vinnu til arkitekta. Einar Sveinsson og Hörður Bjarnason segja mér til og síðan er allt lokað [vegna stýrjaldarinnar] og maður vildi alls ekki fara til Bandaríkjanna, það kom ekki til mála, en þeir fóru sem sagt til Bandaríkjanna hinir. En við Kalli biðum til 1945. Á þessum tíma opnaðist Ameríka á marga vegu. Hún opnaðist meðal annars með því að listaverkabækur fóru að koma í bókabúðir. Ég man sérstaklega eftir Máli og menningu. Þar eru sem sagt bækur um móðernisma sem hvergi höfðu sést áður, bækur sem ég á enn í dag og eru alveg jafngóðar eins og þær voru á þessum árum. Svo voru þeir búinir að þýða, til dæmis, listasögna hans Elie Faure, sem er besta listasaga sem hefur verið skrifuð á frönsku. Hún kemur hérna inn 1943 og ég las hana alla saman, svo að ég hef verið vel undirbúinn þegar ég fer til Ítalíu, og svo þetta - að gagnskoða. Ég fór til dæmis í námskeið þegar ég var í London á Courtauld Institute - þar fór ég á námskeið í Technic of the old masters. Þekkið þið myndina „Man with the red rubin“ eftir van Eyck? Nei? Hann er með gríðarstóran rauðan hött. Kennarinn henti henni - svo að segja - sjálfum orgínalimum! Þá var National galleríð bara einn salur. Þegar ég skrapp yfir til Parísar frá London '46, þá voru bara einn eða tveir salir í Louvre opnir. Þetta var svona eftir stríðið - það var allt í rúst



á Ítalíu. Þegar ég fór svo til Ítalíu í námsferð frá Frakklandi 1948 var allt í rúst, veggmyndir líka, svo maður sá nákvæmlega hvernig þær voru gerðar. Það var eins konar framhald af námskeiðinu í London. Jæja, þetta er sem sagt um tæknina. En þegar ég er í akademíunni í Kaupmannhöfn, þá náttúrulega var ég alltaf að leita - alltaf að leita eins og Benedikt Gröndal. Ég svallaði aldrei neitt. Ég drakk ekki og ég reykti ekki og ég var fyrirfram dæmdur af félögum mínum sem algert flaskó sem aldrei myndi geta gert neitt. Þá sagði ég að Ásgrímur Jónsson og Kjarval hefðu aldrei drukkið, en það var ekkert að marka og, sem svo verra var, þegar Kjarval fór loksins að drekka, sem ég held að hafi verið á níráðisaldri, þá varð hann normal! Jæja, þá finn ég á bókasafninu Pedagogisches skizzenbuch eftir Paul Klee. Þá kynnist ég fyrst teórfum Bauhaus fræðimanna. Ég var ekki tilbúinn að tileinka mér þær þá en þær settust að í undirmeðvitundinni. Ég er náttúrulega fyrst og fremst að hugsa um klassíska málaralist þá. Það myndi taka langan tíma að segja frá því öllu saman, því að ég er úr Hreppunum - ég veit ekki hvort eitthvert ykkar er úr Hreppunum - svona úr varfærinni bændastétt. Það fór það orð af mér í gamla daga að ég væri ofstækisfullur vitleysingur - en ég er ákaflega varfærinn. Ég tók hvert spor og rannsakaði það meðan ádrir þutu bara beint upp í tré og dúlluðu. Þannig, til dæmis, að myndir mínar frá sýningunni 1949, þær eru í raun og veru árangurinn af kenngunni Gunnlaugs Schevings og Þorvaldar Skúlasonar og af veru minni á Ítalíu og í París. Sérstaklega teiknaði ég mikið á Parísarárnum. Ég áltíð að fólk eins og þið þurfið að kunna að teikna. Við vorum að tala sem sagt um fortíðina, að athuga hana vel. Kynna sér vel allar hugmyndir. Nú hef ég verið hérna í skólanum og lífað allar þessar kynslóðir og allar þessar breytingar skilurðu og fyrir mér kemur ekkert á óvart - kemur ekkert á óvart - ég fer ekki að taka afturhalds-afstöðu og berja niður nýja strauma, því að það er ekki hægt. Eitt er mikilvægast af öllu. Það er það að listamaðurinn ræður ferðinni. Það þýðir ekkert að vera segja við listamann hvað hann eigi að gera. En þið eruð á nýjaplani - þið eruð í sama hópi og arkitektar. Nýtalistinn verður að taka tillit til nota en það gildir samt sem áður það sama um hana.

*En má hún ekki hafa persónuleg einkenni?*

**Hörður:** Hvað heldurðu. En bídu við. Það er bara þetta: Eftir að ég lærði auglýsingateikningu í París þá tók ég

ekkert að mér nema það sem ég vildi. Ef kunninn sagði: Ja, þetta er ómögulegt - þá var bara bless. En þegar þeir eru farnir að reka þessar teiknistofur og eru með stóran búisni og fólk í vinnu, þá sé ég afleiðingarnar. Ég hef alltaf litið á grafíska hönnun sem listgrein á borð við arkitektúr, myndlist og höggmyndalist.

*Má ég spyrja aðeins um eitt í sambandi við móðernismann? Hann fer yfir allt. Hann gerir þá kröfu að vera alþjóðlegur. Maður sér ekki mikinn mun á móðernisma í Suður Ameríku og Norður Evrópu. Þetta er meira segja í okkar fagi blygðunarlaust kallað Internasjónal stíll í týpografíu og á að virka einhvern veginn karakter-laust sem einskona allsherjarlausn, Helvetican og uppsetning á stoðgrind fyrir allan heiminn. Er þetta ekki þvingun?*

**Hörður:** Heyrðu góði, grísk klassík fór yfir allt, gotíkin fór yfir allt, renisansinn fór yfir allt o.s.frv. Á hinu evrópska menningarsvæði. En það var unnið af alvöru úr hverri stefnu. Nú nær móðernisminn yfir miklu stærra svæði svo hætta er á að eitthvað fari úrskeiðis, en að hann krefjist einhæfingar, það hef ég ekki séð. Það var bara eitt sem ég gleymdi í sambandi við fortíðina. Ég kom hérna með bók sem ekki er til neins staðar á Íslandi. (Hann tekur bókina uppúr tösku og allir safnast nær) Hún heitir *Divine Proportione*\* eða hin guðlega hlutföll eftir ítalska munkinn Pacioli. Þetta er frönsk þýðing, ljósprentun af fyrstu bók sem prentuð er um hlutföll. Ég held að hún sé prentuð fjórtánhundruð og eitthvað. Af þessari bók lærði Leonardo Da Vinci. Af þessari bók lærðu renaissance mennirnir. Þessi bók, hún er undir áhrifum frá heimspeki Platons og ég hef sem sagt uppgötvað það eftir þrjátíu ár, að þegar ég kennað formfræðina hérna í tuttugu ár, að þá var ég að kenna Platon. Sko, sjáið þið, komið enn nær. Hvað er hér, ha? Hvað er þetta? Viljið þið segja mér það?

*Geometrian er ekki eitthvað sem móðernistar fundu upp!*

**Hörður:** Nei! Sá sem sagði mér mest um gildi komposísjónar - veistu hver það var? Það var Giotto! En það er aðallega af einni ástæðu sem ég vildi sýna ykkur þessa bók. Maður hefur kannski orðið ástfanginn af einhverri konu og aldrei getað talað við hana einu sinni - alltaf fyllost af sársauka þegar maður hefur séð hana, en aldrei fengið að njóta hennar. En ég get sagt ykkur alveg eins og er að sá hluti allra sjónlista sem kemur mest við hjartað í mér,

það er týpografían - klassísk týpografía - fyrsta prentaða heimildarit um týpografíu í Evrópu eftir því sem ég best veit. Þetta er unnið - eins og þið vitið - upp úr steinskriðinni á Trajan súlunni og fleiri inscriptsjónum í Róm svo byggja þeir þetta upp og hvað er þetta? Þetta er ferningur, hringur og þríhyrningur. Ha! Þegar ég byrjaði að kenna formfræðina, þá hafði ég prinsipp - þess vegna kom konseptið mér ekkert óvart af því að ég kallaði stefnuna mína prinsippina. Ég kallaði önnina „Lögmál og frelsi“, þ.e.a.s. vildi kanna ferilinn frá hinu einfalda til hins fjölbreytta. Fyrsta prinsippið mitt í kennslunni var það að allir nemendur hefðu jafnstórt format, það var 30x30. Svo byrjuðum við. Fyrst ferning - bara að teikna ferning, sagði ég. Ferningurinn verður að vera á miðju blaði en þið megjið ráða hvað hann verður stór. Þar glitti í frelsið. Næst þríhyrningur eða hringur - hann verður að vera á miðju blaði en þið megjið ráða hvað hann verður stór. Svona byrjaði það. Þá kom línan og svo punkturinn. Síðan vinna þau smátt og smátt úr þessu. Þá fer ég í inn á hrynjandina, 1,1,1 -1,2,1, -1,3,2, -1,3,3 og þá erum við komin sem sagt eins og Grikkir í músíkina. Músk hafði mjög mikil áhrif á arkitektúr miðalda og kannski fyrr. Það er rythminn skiljið þið eða síblyljan. Hérna sjáum við þetta í bókinni. Þarna er dórísk súla, jónísk súla, kórínþísk súla og Toscan súla. Þær bera í sér ákveðið hlutfall, ákveðin rythma, sem speglast yfir í hús. Við þetta hafa arkitektar og hönnuðir frá tímum Grikkja unað alveg fram að því að við förum að brjóta þetta niður, því er nú helvítis ver! Og þó, Le Corbusier tók upp þráðinn um 1940. Hér sjáið þið frumrúmform Platons sem hann talar um í Timeusi sem er undirstöðurit allrar hugsunar á Vesturlöndum. Það er álíka jafn merkilegt og Biblían, því að vestræn menning er eins og þið vitið Biblían plús Platon deilt með tveimur. Und so weiter! Svo á ég margar bækur - ég kynnti mér þetta á Ítalíu. Það er til dæmis ein eftir Matila L. Ghyka sem heitir Gullinsnið og þar rekur hann þessa sögu alla saman. Hana kaupir ég sem sagt á Ítalíu 1948 og er all vel undirbúinn. Þið verðið að athuga það til dæmis í sambandi við grafíska hönnun. Það er svo margt sem ég vil tala við ykkur um - eins og þetta: Ef þið skoðið myndlistarverk eftir renaissance málara, barok málara, rokokó málara, klassíska málara þá eru oft inscriptsjónir á myndunum og þær eru í Antíquu eða Bodoni sem þeir gera sjálfir. Þ.e.a.s. að listmálarinn varð að læra þetta. Síðan dettur það niður.



*Hver er eiginlega skrifaður höfundur að Divina Proportione?*

**Hörður:** Lucca Pacioli, hann var munkur og Leonardo teiknaði myndir í bókina. Svo ég fari nú að sprella eins og í gamla daga í tímum - þá er heimspeki platonismans og klassisismans - hún var þessi: Það er maður sem stendur svona (Hörður stendur upp og glennir lappir og réttir út arma eins og renaisansmaðurinn á teikningu Leonardo da Vinci.) Sjáði þið? Og þá umrítar þú hring í kringum þig og svo þríhyrning og ferning og miðjan er nafliinn. Þetta urðu allir að læra!

*Og kölluð naflaskoðun. (Hörður starir grimmur á mig svo ég reyni að skipta um umræðuefni) - En mörgum finnst að þessi klassíska hlutfallafræði hafi skemmt með móðernismannum?*

**Hörður:** Já, nú ætla ég að svara þessu. Þegar Viðeyjarstofa var vígð eftir restorásjónina, þá var okkur boðið þangað í mikla og fina veislu. Þá var Hjörleifur Stefánsson... (dregur upp pípu og Prince Albert tóbak) Nei, heyrðu, ég má ekki reykja hér inni.

*Jú, reyktu bara. Lög sem eru sett eftir að þú hættir sem skólastjóri gilda ekki um þig! Nútímalög ná ekki yfir þig!*

**Hörður:** Nú, já. Jæja, heyrðu, hvað ætlaði ég að fara segja merkilegt, já, það var um þessi rof. Ég er einmitt að skrifa um þetta í sambandi við arkitektúrinn og horfi yfir þetta allt saman. Í fyrsta lagi vil ég benda háttvirtum kennslustjóra á það að ef kinværji sæi yfir evrópskan arkitektúr í fimm, sex, sjö handruð ár, þá myndist honum þetta allt saman vera sama húmbúkið, hvort heldur í Hollandi, Noregi eða Frakklandi, Þýskalandi - þetta væri allt eins. En það var Viðeyjarstofa og Hjörleifur Stefánsson. Við erum nú búnir að vinna lengi saman í restorásjón og ég er búinn að berjast fyrir íslenski varðveislu. Sextíu og átta kynslóðir sem kom nú hérna inn og - það eina sem ég er montinn af í lífinu er það að hafa getað haldið þessum skóla í skefjum 68-75. Ég ætli að fá alþjóðleg verðlaun fyrir að láta nemendur '68 kynslóðarinnar syngja jólasálma við kertaljóð og fá Sigurð Norðdal til að spjalla við þau um norrænar bókmenntir! - Ég segi við Hjörleif: Það er engin þjóðleg list til - og hann hrökk í kút: Og þú sem ert alltaf að boða þjóðlega list! Og það sem ég lagði áherslu á þegar ég var að kenna sjónlistasöguna, það var þetta: Það er einhver kraftmiðstöð. - Ég er gamall og nýr sósíalísti. Ég var nú sagður

kommúnísti, en af því að ég var lista- maður, þá vissi ég það að maður varð að hafa frumkvæði og ég vissi það að sumir voru betri málara en aðrir þ.e.a.s. að sumir eru gáfaðari en aðrir. Þannig að jafnaðarstefnan hefur alltaf í aðra röndina farið í taugarnar á mér. Það eru sumir staðir sem af einhverjum ástæðum, sem ég veit ekki hverjar eru, ef til vill efnahagslegar og andlegar, verða frumstöðvar eða miðstöðvar. Út frá þeim bylgjast áhrifin og þetta er eins og - við getum hugsað okkur að þetta borð væri vatnsflötur og síðan væri svona smá sker, steinar, pínulitlir, og smærri sker, og svo er þessi aðalmiðstöð - við skulum taka gotíkina. Hvar er miðstöð gotíkurrinnar? Hún er í Saint-Denis og við þekkjum manninn sem lætur sér detta í hug að léttu hvelfingarbogann og síðan fer þetta út um allan heiminn í tvær aldir. Látið þungan stein detta á vatnið og það myndast bylgjur. Þær eru sterkastar næst og svo brotna þær á þessum litlu steinum og verða öðruvísi, aðeins öðruvísi, í laginu en sama eðli. Ergo, eins og sagt var í stærðfræðinni í gamla daga: Þetta sem þú ert að segja um móðernismann gildir um gotíkina. Þetta sem þú ert að segja um móðernismann gildir um renaissansinn. Þetta sem þú ert að segja, það gildir um barokkið. Þetta sem þú ert að segja, það gildir um nýklassisismann. Það er engin þjóðleg list til. Þjóðleg list, hún sprettur upp úr upplýsingunni. Í kjölfar hennar kemur frelsisskrá Bandaríkjanna, byltingin mikla í Frakklandi og byltingin 1848. Þetta eru aðalpunktarnir. Þá fyrst fara menn að leita og spyrja um þjóðirnar. Þar sem menn fara meðvitað að búa til þjóðlega list, eins og Ríkharður Jónsson myndhöggvari er dæmigerður fyrir, þá er það dæmt til þess að mistakast. Hinsvegar er öll góð list þjóðleg. Rómanska bylgjan sem brotnar á Íslandi - hún brotnar allt öðruvísi heldur en á Skandinavíu, meðal annars í byggingarlistinni. Það er vegna þess að Norðmenn eiga nóg af timbri, Íslendingar eiga nóg af torfi og Danir múrstein. Svona verða menn að haga sér eftir efninu.

*Fyrir rúnum tuttugu árum tókstu þátt í umræðu um íslenskar sjónmenntir í tímaritinu Samvinnan og þar líktr þú Viðimýrarkirkju í Skagafirði við Péturskirkjuna í Róm.*

**Hörður:** Það hef ég sagt og stend við. Eins og ég sagði við krakkana, fjalldrapi, eyrarrós og hvað heitir nú litla fallega blómið sem ég held svo mikið uppá, ég man þá ekki. Það er svona hátt, rautt eins og rós. Og svo hef ég farið um og séð eikur - mikil grenitré og þegar ég ber þetta saman þá er þetta alveg

sama eðlið það er bara stærðarmunur. Það er sama lögmálið í eyrarrósinni og í rósinni suður við Miðjarðarhafið. Það er sama lögmálið í fjalldrapanum og eikinni o.s.frv. Í Viðimýrarkirkju er allt sem gerir hana að sigildu listaverki eins og Péturskirkjunni. Sjáði til, arkitektúrinn hann er þrjúþættur. Hann skiptist sem sagt í nytjakaflokk - það þarf að nota hús, það þarf að vita hvernig á að byggja það - það er tækniþátturinn og síðan er það þátturinn sem tekur afstöðu, því það kemur ekki af sjálfu sér að ákveða hæð, breidd og dýpt. Og þar kemur listin til, skilurðu, og hvar var ég í ræðunni? Já, Viðimýrarkirkja, hún hefur alla þessa þætti eins og Péturskirkjan - hún er kirkja, göðshús. Altarið hefur sinn stað. Presturinn, sem predikar orðið, hann hefur sinn stað. Konurnar hafa sinn stað, sjáðu, og mennirnir hafa sinn stað. Það var þannig í gamla daga að konur sátu alltaf norðanmegin og karlar sunnanmegin. Þetta er enn gert í brúðkaupum, kannist þið við það? Það er svona smábrandari til um það. Af hverju þær hefðu verið látnar sitja norðanmegin. Það er vegna þess að þær eru svo ástríðuheitir, það þarf að hafa þær norðanmegin til að kæla þær. En það er nú vegna þess að Maríuólturur voru norðanmegin, þess vegna voru konurnar látnar sitja þar. Nema það, að í Viðimýrarkirkju eru sömu mótin. Það er fullkomin tækni - gömul tækniþekking notuð alveg yfir í smæstum detalju. Síðan er hún í klassískum bragarháttum, hún er tvö og hálf kvadrát á lengd. Í þversniði er hún ad quadratum. - Það voru tvö þversnið sem voru í gangi, ad triangulum og ad quadratum, sem er hérna. Bitarnir eru nákvæmlega helmingur af hæðinni. Síðan er farið yfir í detaljuna.

En ég á mikið eftir að segja ykkur! Það sem er mikilvægast við listina - það er það að maður getur aldrei útskýrt hana. Það er vonlaust og það er langbest að gera sér grein fyrir því, en hitt er enn þá hættulegra, að segja að það þurfi ekki að reyna það! Jæja, elskurnar mínar, spyrjið þið nú eitthvað. Ég er hérna með smásýnishorn af dóti sem ég gerði. Ég er eins og litli drengurinn sem kemur til þabba til að sýna honum gullin sín. En það er þetta með móðernismann að kapitalisminn, að minu mati eyðilagði hann, þó hann væri uppsprettan. Ein af grundvallarhugsjónum Bauhausmanna og þessara manna var að þeir höfðu mjög náði samstarf við heilbrigðisstéttir. Sjáði til, menn bjuggu í gremum - það var dimmt og það var heilsuspillandi. Eitt af því sem átti að gera var það að fá meiri birtu og meira loft til þess



að fólkinu líði betur. Aðalröksemin fyrir því að gera þetta sem var gert, var sú að það var komið í óefni. Menn vissu satt að segja ekkert í sinn haus lengur. Áður en iðnbyltingin kemur þá er þetta allt í lagi, þá eru menn með rokokóinn síðast og nýklassismann og svona og bændur byggja eftir gamalli tradisjón, sinni eigin tradisjón, og þá kemur þetta upp - að það verður að hafa það ódýrt. Eitt af slagorðum mínum er að listin er dýr! (*hann ber í borðið*) Þess vegna er þetta allt kjafstæði um að sé verið að eyða peningum að óþörfu í svona stórhúsi, eins og það til dæmis, að það skuli vera deilt um það að höfuðborg eins lands skuli eiga ráðhús! En það var ekki svo fátæk kona, bóndakona, að hún ætti ekki skartbúning til að koma fram í kirkju eða við brúðkaup. Hún leggur þetta á sig, þetta er hennar heiður. Og ráðhús er ekki byggt fyrir Davíð og Seðlabankinn er ekki byggður fyrir Jóhannes Nordal. Og það er eitt, sem ég legg mikla áherslu á, því að við erum jú í formfræðinni, að arkitektúrinn er sú listgrein sem er aðgengilegust og ókeypis aðgangur að. Á hverjum einasta degi getum við litið hann. Ef þið hefðuð dálítinn kraft í hálsinum til að líta aðeins upp, eins og ég það mína nemendur að gera í skoðunarferðinni í Reykjavík, þá munuð þið sjá allt stútfullt af klassískum dæmum hér á húsum. En það þarf meira til en bragreglur. En það er sem sagt þessi sparnaðarrolla. Þegar Gunnlaugur Halldórsson er að teikna hús, þá er hann alveg eins og Þorvaldur Skúlason er hann málaði - eða þegar ég fer að mála abstrakt: Á að láta þennan glugga sitja svona eða aðeins svona? P.e.a.s. hann er að túlka - og ég get ekki sagt hvers vegna hann tók þessa ákvörðun, hann getur það ekki heldur. En þessar bragreglur og listræna túlkun, skilurðu, hún hverfur af tveimur ástæðum. Annars vegar, að mínum dómi, af því að byggingameistararnir sjá sér þarna færi á því að græða peninga. Og hin ástæða fyrir því að þetta fer svona er að fólkið þarf að fá ódýrt húsnæði og listin fer í burtu.

Þá tekur þetta náttúrulega alltaf dálítinn tíma. Póst-móðernisminn kemur til og sér að við getum ekki haldið áfram að teikna alltaf sömu húsinn út um allt alveg nákvæmlega eins. Og þá til dæmis var ég suður í Montpellier og þar er alveg heilt hverfi sem Bofill, spænski póstmóðernistinn, teiknaði og þar krafstar hann bara í klassískar detaljar og ummyndar þær og byggir upp heildir. Í raun og veru er eitt orð yfir þetta. Það er það að skipulagið fer út um þúfur. Sko, ef þú kemur til Parísar eða Kaupmannahafnar og ferð á Rue de Rivoli,

þá er sama hæðin á þessum húsum og svo geta þau verið ólíkt varíerandi - þetta er í Kaupmannahöfn. Það eru staðir hérna, til dæmis verkamannabústaðirnir, þeir eru dæmi um gott skipulag, en svo þegar þú ferð í úthverfin þá koma blokkirnar og þær eru svona og þær eru svona. Það er ekkert skipulag, það er algerlega misheppnað. Þegar ég sé mynd af Hong Kong og New York þá finnst mér ég sjá mynd af kapitalism-anum fara alltaf hærra og hærra og ná í meiri og meiri pening. Það hefur margt skeið í arkitektúrnum og hérna á Íslandi vil ég taka það fram að það eru margar fleiri ástæður fyrir þessu. Til dæmis að verkfræðingar fá að teikna hús, að byggingatækni-fræðingar fá að teikna hús, að múrarar fá að teikna hús, en ég má ekki teikna hús! Þó að ég ætti að hafa forgangsrétt! Svo er fullt af fólki hérna - fúskurum - en inn á milli er hver kynslóðin á fætur annarri mjög góð. Það er alveg eins með myndlistina, þið fáið mig ekki til að tala um það að myndlistinni fari aftur á Íslandi. Mér finnst henni hafa farið fram. - En það er í sambandi við týpógrafíu og bókagerð sem ég er mjög óánægður. Mér finnst eitt atríði mikilvægt og það er tölvan. Það sem ég upplifi er það ef við tökum umhverfið - hluti í húsum. Áður en arkitektarnir komu þá voru svokallaðir forsmíðir. Það voru menn sem voru mjög lærðir - höfðu farið erlendis og tekið aukaframhaldsnám og vissu hvað arkitektúr var og þá voru líka ákveðnar kurteisisreglur. Þá sátu menn ekki á gólfinu eins og menn sitja núna eða voru með svona læti þá. Það voru ákveðnar kurteisisreglur hjá borgarastéttinni og miðstéttinni. Um skríllinn, eins og Benedikt Gröndal sagði, er manni alveg sama. En núna er það skríllinn sem ræður. En þessir menn hafa fagmenn - þeir hafa fagmenn til þess að mála og þessir fagmenn eins og Ó.B. Knudsen og Einar Pálsson, þeir fara allir til Kaupmannahafnar og Þýskaland og þeir læra um listi. Þeir læra um listi og hvernig þeir eiga að vera á húsum alveg eins og þið eruð að læra um bækur. Og svo er eitt sem ég sagði við þig hér í gamla daga, sko, fallegar borgir eru allar eins á litinn. París er grá. Kaupmannahöfn er ofurlítið rauð o.s.frv. Hér á Íslandi þá var þróunin sú að fyrst voru hús tjórguð - það var allt svart - mjög fint - í Grænlandi og í Færeyjum. Síðan kom grár litur og síðan kom gult okkur og brennd síenna, blandað með hvítu eða svörtu, svo hvert hús fengi ofurlítið sinn tón, svo Reykjavík hafði á sér heillegan svip. Pétur í Málaranum fer svo vestur til Bandaríkjanna og kaupir þessa nýjung sem var plasmálgjafir og þá fór allt til andskotans. Þá fór hver



\* Divine Proportione. 1509. Lucca Pacioli.



maður að mála hjá sjálfum sér. Vissi ekkert hvað þetta var og þetta hefur haldið áfram og það sem verra er, ef ég tala um húsafríðunina, að jafnvel sérfræðingar - góðir menn - þeir hafa ekki vit á þessu. Þeir voru að gera upp Bjarnaborg. Það voru þrjú eða fjögur hús í Reykjavík sem voru rauð. Nú getur enginn málað hús án þess að hafa það eldrautt! Þessir eldraudu litir sem eru á húsum hér í dag, þeir voru ekki til og á mig verkar þetta eins og óskur. Og Bjarnaborg bíá! Hún var alltaf rauðbrún! Og ég get nefnt ykkur ótal dæmi um þetta. Það er verið að sprengja Reykjavík. Það er sem sagt plastmálningin, hún hefur þessar afleiðingar. Og þá er það tölvan. Ég lít svo á að Hafsteinn Guðmundsson sé fyrsti meistari í tífógrafi og bókahönnun og hann Hallbjörn hérna Halldórsson, sem skrifað hefur um líti og prentsögu. Mjög gáfaður maður, ég man eftir honum. Ég held að hann hafi hannað Íslendingasögurnar. Ég held að það sé fyrsta tilraunin með sérteiknað letur og annað slíkt og bæði pabbi hans Björns Th. - núna er hann hættur að kenna hér og það þýðir ekkert að tala um hann við ykkur - og bróðir hans þeir gerðu upphafstafina. Það var boríð í þetta. Það var hugsað um þetta. Bækurnar hans Hafsteins eru gerðar undir áhrifum af skóla Tschicholdts. Tschicholdt var maður - þekkið hann? - sem hafði mikil áhrif á sinn tíma. Hann er samskonar maður í tífógráfinni eins og Sigurður Guðmundsson er í arkitektúrnum hjá okkur. Hann stendur mitt á milli módernismans og klassíkurinnar.

*Bók Tschicholdts Die Neue Typographie er til hérna á bókasafninu.*

**Hörður:** Er hún rauð?

*Nei, hún er svört. En er ekki svo að það er verið að kenna tækjum um. Veldur ekki hver á heldur? Snýst þetta ekki um þann sem veldur tækninni? Er ekki það sem er að, að tölvan er orðin svo algeng og fólk er talið trú um að nú geti það sett upp sitt prentefni sjálf.*

**Hörður:** Það er það sem ég ætlaði að segja, að það sem hefur eyðilagt tífógrafiuna algerlega og allar bækur - eða meirihlutann af bókum - það er til dæmis að prófessor sem hugsar djúpt, hann er listblindur, eins og þeir eru þessir háskólamenn, og hann hannar sína bók! Og svo koma þeir hver á færur öðrum rithöfundarnir og gera þetta bara eins og þeim dettur í hug! Svo eru strákagreyin í prentsmíðjunni - það er hætt að kenna þeim grundvallaratriðin og þeir mega ekkert segja.

Það er þetta sem ég er að tala um og ef þú getur breytt þessu systemi og þið öll hérna inni þá syngjum við hátíðarmarsinn bara!

*Okkur hefur orðið tíðrætt um þessi klassísku hlutfallafræði sem voru arleidd en einhvernvegin hafa glutrast. Margir hafa bent á að tímabilið fyrir módernismann, Art Nouveau og Jügend, hafi verið ríkulegt og alþjóðapressa módernismans hafi þurrkað þetta út!*

**Hörður:** Ég sé það að við getum talað hér til kvólds. Ég held að Castró hafi haldið sex tíma rauðu. Þetta er ekki alveg rétt hjá þér vegna þess að Art Nouveau var uppreisn gegn klassisismannum og það er ákaflega forvitnilegt að lesa hvernig hann Einar Jónsson myndhöggvari - sem var álitinn hér einn mest myndhöggvari í heimi - hvernig hann talar um Grikkina. Þeir hefðu eyðilagt allt! Svoleiðis er að Art Nouveau er upphafið að byltingunni. - En af því að þú varst að tala um klassisismann þá er þetta með formfræðina (opnar bók á borðinu): Síða er flötur - bara ákveðið form, ákveðin breidd og hæð og á henni er letur. Það fyrsta sem ég sé hérna eru þessir tveir ferningar sem liggja á þessum stóra ferning - hvernig liggja þeir? Hvernig á ég að láta þá liggja? Þeir eru myndaðir af einingum. Einum staf og hver stafur hefur sitt sérkenni og svo fara þeir í línu þ.e.a.s. þú ert með röð af línunum og það er ákveðið bil á milli línanna. Það er ákveðin stærð hérna á milli og það er þykktin á stöfunum. Þetta verður þú að hugsa um og síðan er eitt af því sem ég sé að sérstaklega fræðimenn hafa eyðilagt - þeir eru alltaf eins og verkfræðingarnir - að það er eins og það hafi verið varpað sprengju á síðuna. Ef þeir sítera mann til dæmis þá er ekki nóg að setja gæsalappir! Þeir verða að hafa sitötin í minna letri! Það er ekki nóg með það. Þeir verða að hafa bil fyrir ofan og bil fyrir neðan og breiddina minni. Þeir eru sem sagt búnir að sprengja síðuna. En það sem maður er að hugsa um er annars vegar að halda í það listræna og svo að koma til móts við notandann. En þegar þetta er orðið eins og í dag að þú sérd bókartitil og það eru kannski þrjár yður í sjálfum titlinum, þá er þetta að verða með ósköpum! Ég trúi ekki öðru en að þið farið að hreinsa til. Þetta var bókinn og ég segi nú stundum að hún skipti mestu máli - bókinn! Eigiði nokkuð eldspýtur? Nei...

*Við reddum því. Eitt sem ég vil líka spyrja um. Ég verð stundum var við í samtíma okkar árásir á margar liststefnur tuttugustu aldarinnar í sama anda og kom fram*

*hjá Adolf, Jósef og Jónasi frá Hríflu; þ.e. menn telja samtímalist úrkynjaða og hefja upp klassisismann og hetjudyrkunina. Að nútímalist sé svo leiðinleg og ekki aðgengileg fyrir fólk. Hvað á að gera við þessu?*

**Hörður:** Hvað sögðu þeir aftur í grínþættinum í sjónvarpinu? - Þetta er þitt mál! Um fólkid? Sko, ein af mínum grundvallarhugsjónum á sínum tíma var sú að listin flæddi í gegnum allt, í gegnum borðið, í gegnum stólinn, gluggana, hlutföllin í húsinu, göturnar, garðana, höggmyndirnar, - að listin væri allsstaðar. Unglingur, hversu heimskur sem hann er, verður að læra að lesa og skrifa. Og til þess að það sé hægt verður einhver valdastofnun sem hefur vit til, að sjá um það. Ég kem ekki auga á þetta núna, að slíkar valdastofnanir séu fyrir hendi til að kenna æskufólki að lesa sjónlistir. Gallinn við lýðræðið, þó að ég sjái ekkert annað form eins og er sem við getum búið við, þó að ég sé mjög hlyntur menntuðu einveldi, er sá að stjórnmálamenn sækja vald sitt til fólksins og þora ekki að segja því til syndanna. Þið sjáið að stjórnmálamenn segja ekkert. Það eru helst félagasamtök sem segja eitthvað um þau grófarlegu sjóferðislegu vandamál sem þið standið frammi fyrir og þekkið, eiturlyf, drykkju-skapur og allskonar þjófnaðir og læti. Þeir þora ekkert að minnast á þetta, hvað þá að þeir fari að segja fólkinu eitthvað um listina. Þú verður að athuga það, til dæmis, ef þú tekur renaissanceinn, á hverju byggir hann? Hann byggir á því að Arno er góð höfn og liggur vel við verslun. Það er einn náungi þar, Lorenzo. Hann er snjall kaupmaður. Það vill svo til að hann hefur líka áhuga á list og safnar að sér listamönnum og lætur peninga í list. Hann er úr yfirstéttinni. Alþýðan gerir það ekki. Hún getur það ekki. Hún rétt hefur til hnífs og skeiðar. Þannig blómgastr hin stóra list. Svo eru það bændurnir. Þeir hafa erfitt í raun og veru hið gamla og elsta húsform jarðyrkju-tímabilsins og þróað það sjálfir. Þetta er alveg óskaplegt vandamál.

Í sambandi við listina hefur verið talað um að það sé allt of mikið af listamönnum. Þá ætla ég að segja ykkur eina sögu og hana sagði mér Jón Engilberts sjálfur: Þegar þeir Sigurjón komu heim 1929 eða í kringum 30 nýbúnir í námi á akademíunni þá langaði þá suður til Ítalíu alveg eins og ég fór á sínum tíma. Þá er Björn Björnsson - Bangsi - föðurbróðir Björns Th. - sem er alveg saga út af fyrir sig - hann var eins konar menningarmiðstöð. Það voru engin söfn til hér, það voru engir sýningarsalir, ekkert. Það er einn



maður! Og þeir fara til hans og bera upp fyrir hann þennan draum sinn. Og þá segir Bangsi - eins og Björn var kallaður - hann var minn kennari í Gagnfræðaskóla, ég lít á hann sem einn af mínum fyrstu meisturum - þá segir hann: Strákar ég kenndi með honum Tryggva Þórhallsyni (hann var þá forsætisráðherra) ég skal tala við hann, komið þið með mér. Svo labba þeir niður í stjórnnarráð. „Bíðið hérna fyrir utan“ sagði hann. Svo fer hann inn og það leið langur tími. Svo þegar hann kemur út, þá er hann heldur sneypur. „Hvað segirðu?“ - „Já, ég hélt langa og mikla ræðu um að þið væruð vaxtarbroddur í íslenski menningu og mynduð verða miklir listamenn og frægir með tímanum. (Þeir voru þá bara nemendur á ykkar aldri.) Tryggvi þegir og hlustar og svo þegar ég var búinn að segja allt sem ég gat sagt, þá fer hann í vasa sinn og nær í neftóbaksdós fær sér í nefið og segir: Jæja, Björn minn, er ekki komið nóg af þessum listamönnum?“ Þetta var 1930. Sko, ég hef litið svo á að þó að allir verði ekki stórir listamenn, og jafnvel ætla sér ekki að vera það, en hafa ánægju af þessu, t.d. stúlkurnar sem staðið með miklum blóma hételendis alveg fram á þennan dag. Ég hef meiri áhyggjur af auglýsingum og bókahönnun. Mér finnst þetta vera eins og með plastmálinguna, tölvan hefur valdið þar mestu um, mér finnst eins og menn haldi að þeir geti bara hannað þetta sjálfir og því meira sem er á síðunni því mun meiri ánægja! Það er einstaka sinnum sem maður sér almennilega auglýsingu. Ég veit það að þetta blasir við ykkur. Þið þurfið að standa í stríðinu, en í guðanna bænum reynið að gera uppreisn gegn þessu ástandi. Hvað finnst ykkur sjálfum?

**Nemandi:** Þetta er alveg rétt hjá þér.

**Hörður:** Já, þú ert sammála?

**Bogga:** Verðum við ekki hérna bara innan skólans að einbeita okkur að því að rifja upp klassíkina og muna þetta með hlutföllin sem voru til fyrir daga krists og gleyma því ekki í okkar ferli - þó að sé svo mikið nýtt.

**Hörður:** Já, og reyna að beita áhrifum, áróðri, mælsku, þekkingu. Og það er náttúrulega eitt sem má ekki gleyma sem Le Corbusier segir: Mælikvarðinn. Hann var einn þumlungur! Tomma. Spönn. Alin. Fet. Faðmur. Það var allt miðað við manninn. Svo kemur meterinn

og menn skipta. Er það ekki fjarlægðin eða lengdin til tunglsins í einhverjum milljónasta?

**Bogga:** Rétt eins og allur líkaminn er byggður upp í gullinsniði, þetta er 5 á móti 8, 8 á móti 13 o.s.frv.

**Hörður:** Þú kannt þetta! Þetta eru tölur sem ég elska 3, 5, 8, 13, 21, þú þekkir þetta - gott!

**Bogga:** Viltu ekki segja okkur meira um bækur og bókahönnun og sýna okkur það sem þú ert með?

**Hörður:** Sem sagt, að ég hef teiknað frá því að ég man eftir mér. Og þegar ég sé þessar gömlu bækur mínar og fer að tala um sjálfan mig - þið eruð að biðja mig um það - þá sé ég að það fyrsta sem ég teiknaði, það eru hús. Svo fór ég að teikna fólk og allt sem ég sá o.s.frv. Í þriðja lagi, stafi og auglýsingar. Afí minn hét Markús Þorsteinsson og var söðlasmiður og bjó á Frakkastíg 9. Við bjuggum þar í einu herbergi, held ég. Hann var hættur að vera í söðlasmiði - hún fór á hausinn þegar bílarnir komu. En hann gerði við orgel, saumavélar og þrjónavélar. Það er mikil músík í ættinni. Þeir þurfa að vera mjög músíkalskir sem gera við orgel. Hver tónn í orgeli myndast við fjöður sem titrar og vindur blæs í. Hann tók hverja fjöður og lét hana í munnstykki. Hann var skjálfhentur, en um leið og hann snerti á pípunni, þá hvarf það. En ég man að þá bjó ég til auglýsingu - Hér er gert við orgel, þrjónavélar og saumavélar - og setti út í glugga! En gamli maðurinn varð alveg foxillur og reif auglýsinguna niður. Þetta hefur verið 1933, þannig að ég hef verið 11 ára. Svo á ég kistu sem ég smíðaði þegar ég var í barnaskóla, svona 8 eða 9 ára. Hún er núna full af fræðilegum rannsóknum. Ég byrjaði til dæmis á því að gera orðabók, svo sé ég að ég hef haldið dagbækur um það hvað ég eyddi miklu á hverjum degi, einn eyrir þarna o.s.frv. Og svo eru alls konar rannsóknir. Og nú hef ég verið fræðimaður aftur síðustu tuttugu árin! Fullt af uppfinningum og teiknaði þær. Ein var sú að ég var búinn að útbúa einhvern síma sem væri þannig að þegar maður talaði þá sæi maður þann sem talaði var við.

*Hvenær gerðir þú þetta?*

**Hörður:** Ég hef verið svona 10-12 ára. En svo, sem sagt, er ég bæði lærður og illa lærður, mig vantaði margt. En ég sé það að ég er eins og Bensi Gröndal

Litir og samræmi þeirra.  
Höf. Halbjörn Halldórsson. 1948.



og líklegast eins og Thor vinur minn og Halldór Laxness. Eg ætlaði að hætta í menntaskóla í fimmta bekk. Foreldrar mínir settust að mér og ég var það þægur, sem betur fer, að ég kláraði hann. Eg hef alltaf fengið það sem ég hef þurft. Í menntaskólanum fékk ég stærðfræðina og svona almenna góða menntun. Stærðfræðin hefur komið mér að mjög miklu gagni í sambandi við arkitektúrinn. Finnur Jónsson var kennarinn minn í teikningu og hvatti mig til að verða listmálarí. Svo fór ég í háskólann í verkfræði og lærði þar að teikna skilurðu, nákvæmar teikningar, sem kom mér mjög vel þegar ég fór að mæla upp hús og teikna. Svo fer ég á akademíuna í Höfn og læri að mála o.s.fr.v. og ég tók aldrei nein próf. Ég bara gerði það sem mér fannst ég ætti að gera. Það má kannski ekki segja þetta í skóla? Síðan fer ég suður til Ítalíu og hef listmálaraférl minn. Og seinna inn í fræðin. Hvernig fer ég inn í fræðin? Jú, við stofnum Birtings. Birtingsmenn, við erum komnir í Söguatlasinn eins og gamlir kallar! - Þá kynnist ég rithöfundum sem kunna að skrifa. Ég á fyrstu greinina í fyrsta hefti Birtings og hún er um byggingarlist. Vegna þess að við ætluðum, sem sagt, að skrifa um allt sem við kæmi menningu. Ég var náttúrulega málarí þá, en það var enginn sem treysti sér til að gera það, svo það var dæmt á mig. Þannig var þetta.

*Hvaða ár er þetta?*

**Hörður:** Þetta er 1955 og þá les Einar Bragi þetta yfir hjá mér og kennir mér að skrifa. Ég kemst í góðan skóla. Á eftir ár er allt krotað út. Ólafur Jóhann, sem skrifaði best íslensku, hann las þetta líka yfir og sagði við mig: Þú átt að lesa Fornsóðurnar, Sveinbjörn Egilsson og Hómer og þjóðsöðurnar. Ég gerði það. Jæja, svo rétt á eftir fer ég að skrifa mína fyrstu fræðilegu ritgerð í árbók Fornleifafélagsins. Þá hitti ég Kristján Eldjárn. Hann tekur mig í gegn. Þá fékk ég áhuga á íslenskri húsagerðarlist og fer að skrifa í Birting um gömul hús. Kristján kennir mér svo í nokkur ár, þannig að ég líf svo á að ég hafi alltaf fengið akkúrat allt það sem ég þurfti á hverjum stað án þess að vera með pappír! En pappírarnir - ég vorkenni þessu fólki í dag sem er að komast áfram í gegnum skóla. Það verður að þenja sig upp í gegnum doktorinn. Hugsíð ykkur að Jón Sigurðsson - maðurinn sem við eigum að þakka sjálfstæði okkar, við megum ekki gleyma honum, við megum ekki gleyma þeirri fortíð - hann er próflaus! Hann er svo fjölbættur og svo mikill. Hann er mesti sagnfræðingur sem þá hafði nokkurn

tímann verið - og er enn einn mesti sagnfræðingur Íslendinga. Hann var próflaus! Hann Jónas Halgrímsson var próflaus, Bensi Gröndal var próflaus og Arni Pálsson, sem var prófessor, er próflaus. Sverrir Kristjánsson - hinn glæsilegi sagnfræðingur - próflaus. Þetta var tradísjón! Það er nú skömm að því að vera að þylja svona upp í skóla, því án þeirra getum við ekki verið, hvað sem prófum líður.

**Bogga:** Þetta er erfiðara í dag. Nú þarf maður að standast próf!

**Hörður:** Mjög erfitt! Þar vorkenni ég ykkur! En það verður víst ekki undan því komist. Já, hérna - klukkan orðin hálf eitt? Ég er orðinn svolítið þreyttur og verð að biðja ykkur afsökunnar, en ég er afskaplega ánægður yfir því að hafa komið hingað, þó ég hafi hvorki þrek né vit til. Ég ætlaði hérna ... (dregur upp úr tösku sinni bæklínga) ... þetta er sýningaskrá frá þessari frægu sýningu, teip-sýningu. Ef þið viljið eiga hana, þá ætla ég að gefa ykkur hana.

*Þessi sýning er haustið sjöttu og sex. Ég byrjaði hérna við skólann þá og Kjartan Guðjónsson sem þá kenndi okkur hluta-teiknun fór með okkur á Kjarvalsstaði til að sýna okkur þetta. Við settumst öll á gólfíð og horfðum á þetta. Þetta var mikil optík og mikið fyrir augað en Kjartan sagði að það þyrfti mjög þroskaðan smekk til þess að skilja þetta.*

**Hörður:** Nú komstu í bakið á mér! Svo ætla ég að gefa ykkur meira. Sýningarskrá. Úr formsmíðju. Sannleikurinn er sá að af því að ég hef staðið í svo mörgu, því er nú verr, að þessi períóða hérna - þó að þetta sé 1972, þá eru þetta myndir sem ég geri 1962, og þessar myndir 1976 eru bara framhald af því, þegar ég hafði tíma. Og ég vann mikið eftir því hvaða efni ég gat notað til þess að framkvæma þessa sýn, þá kom teipin. Ég gef ykkur skrána sem sagt sem dæmi um grafíska hönnun.

*Sem þú hannar sjálfur?*

**Hörður:** Já, það mátti enginn koma nálægt því nema ég. Ég ætla svo að gefa ykkur þetta (réttir Birting, 3. hefti 1960). Hérna eru nú dæmi um Birtingskápur (tekur fleiri upp). Hérna er til dæmis listasöguheftið. Þetta hefti skrifaði ég einn. Það er um byggingarlist. Í því er allt sem ég hef verið að tala um. Form og rythmi.





Linda Björg




(I. 1970) ©

# Árnadóttir



**Daniel Þorkell Magnússon**



„Ég hef endingu og skrautleysi að markmiði  
í húsgögnunum mínum... reyndar tel ég endingu  
vera ákveðna tegund af fegurð. - Nei, það er  
ekki þægilegt að sitja lengi á stólunum mínum.  
- Það er mikið þægilegra að sitja í lazy - boy.”



## **Þuríður Rós Sigurþórsdóttir**




Hönnun mín er persónuleg. Hún endurspeglar  
ánægjuna sem ég fæ úr hugmyndavinnu minni og  
teikningum. Hugmyndir fæ ég meðal annars úr  
sögum og ævintýrum. Mér finnst gaman að vinna  
með alls konar litasamsetningar og blanda saman  
ólíkum litum sem í fyrstu virðast ekki ganga upp.



(1975)







L22

Óþæg hönnun gefur líflausum hlutum líf í marga mannsaldra. Líleg hönnun er líflaust föndur.



L 22 er hluti af verkefni, unnu 1993, sem samanstóð af eftirtöldum húsögnum: borði, stól, hillu og lampa. Stúdíó verkefnisins var vinnsla með „positíft og negatíft“ rými innan hvers hlutar.



## **Snædís Úríksdóttir**




